

Fimmtudaginn 11. október 2018.

Nr. 614/2017.

**Íslenska ríkið**

(Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður

Jónas Fr. Jónsson lögmaður, prófmál)

**gegn**

**Björgu Pálsdóttur**

**Brynju Pálu Helgadóttur**

**Kristínu Svölu Jónsdóttur**

**Sigrúnu Ingvarsdóttur og**

**Önnu Jónínu Eðvaldsdóttur**

(Eva B. Helgadóttir lögmaður)

Verkfall. Laun. Opinberir starfsmenn. Aðfinnslur.

*Verkfall félagsmanna Ljósmeðrafélags Íslands á Landspítala hófst í apríl 2015. Verkfallið varði þrjá sólarhringa í senn, frá þriðjudegi til fimmtudags í hverri viku, og lauk í júní sama ár. Ágreiningur aðila laut að launagreiðslum til B o.fl. meðan á verkfallinu stóð, en þær voru allar félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands og unnu á vöktum í hlutastarfi á spítalanum eftir fyrirfram ákveðnu kerfi er tók til allra daga vikunnar. B o.fl. kröfðust launa fyrir vinnu sína á þeim dögum sem verkfall stóð ekki yfir, en Í taldi að draga ætti hlutfallslega jafnt af launum allra félagsmanna Ljósmeðrafélags Íslands sem tóku þátt í verkfallinu samkvæmt reiknireglu í þágildandi kjarasamningi stéttarfélagans og Í. Kom fram í dómi Hæstaréttar að samkvæmt orðum sínum ætti regla þessi einungis við um hvernig reikna skyldi út brot úr mánaðarlaunum þegar unninn væri átta stunda vinnudagur reglubundið, en ekki samkvæmt vaktafyrirkomulagi sem B o.fl. ynnu eftir. Þótt verkfallið hefði náð til allra ljósmeðra á Landspítala þá hefðu verkfallsaðgerðir takmarkast við þrjá daga í viku hverri. Útreikningsaðferðir Í, sem ættu sér hvorki stoð í lögum né kjarasamningi, hefðu leitt til þess að B o.fl. hefðu ekki fengið að fullu greitt fyrir allar þær stundir sem þær hefðu unnið. Vísaði Hæstiréttur til þess að slík niðurstaða væri í andstöðu við grunnreglur kröfuréttar og vinnuréttar um gagnkvæmni og greiðslu verkkaups. Var því fallist á kröfur B o.fl.*

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þorgeir Örlygsson, Greta Baldursdóttir, Karl Axelsson, Markús Sigurbjörnsson og Ólafur Þörvaldsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 28. september 2017 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu eru allar félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands, sem er aðildarfélag Bandalags háskólamanna. Í kjölfar verkfallsboðunar 20. mars 2015 hófst verkfall félagsmanna Ljósmeðrafélags Íslands á Landspítala 7. apríl það ár. Skyldi verkfallið vara þrjá sólarhringa í senn, frá miðnætti aðfaranótt þriðjudags til loka fimmtudags í hverri viku, uns samningar næðust við áfrýjanda. Verkfallinu lauk 14. júní 2015 með gildistöku laga nr. 31/2015 um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarfélaga innan Bandalags háskólamanna og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í hinum áfrýjaða dómi eru rakin samskipti stéttarfélags stefndu og áfrýjanda vegna verkfallsins og niðurstöður Félagsdóms um ágreiningsefni þeirra í millum.

Ágreiningsefni málsins lýtur að launagreiðslum til stefndu meðan á verkfallinu stóð, en eins og nánar greinir í héraðsdómi voru stefndu allar í hlutastarfi á Landspítala og unnu á vöktum eftir fyrirfram ákveðnu kerfi er tók til allra daga vikunnar.

Stefndu krefjast launa fyrir vinnu sína á þeim dögum sem verkfall stóð ekki yfir á tilgreindu tímabili. Telja þær einungis heimilt að fella niður laun þeirra vegna vakta sem óumdeilt er að féllu niður vegna verkfallsins. Áfrýjandi telur á hinn bóginn að draga eigi hlutfallslega jafnt af launum allra félagsmanna Ljósmeðrafélags Íslands sem tóku þátt í verkfallinu. Beita eigi frádrætti við greiðslu launa til stefndu á þann hátt að deila eigi hlutfalli verkfallsdaga í viku hverri í heildarfjölda vinnudaga hvers mánaðar samkvæmt reiknireglu í grein 1.1.2 í þágildandi kjarasamningi Ljósmeðrafélags Íslands og áfrýjanda, sem er svofelld: „Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma.“

Samkvæmt orðum sínum á regla þessi einungis við um hvernig reikna skuli út brot úr mánaðarlaunum þegar unninn er átta stunda vinnudagur reglubundið, en ekki samkvæmt vaktafyrirkomulagi sem stefndu unnu eftir. Þótt verkfall það sem um ræðir hafi náð til allra ljósmeðra á vinnustað stefndu þá takmörkuðust verkfallsaðgerðir við þrjá daga í viku hverri, en ekki við aðra daga vikunnar. Óumdeilt er að stefndu unnu þær stundir er þær krefjast launa fyrir. Áfrýjandi þáði vinnuframlag stefndu á því tímabili sem um ræðir í málinu en útreikningsaðferð hans, sem á sér hvorki stoð í lögum né kjarasamningi, leiddi á hinn bóginn til þess að stefndu fengu ekki að fullu greitt fyrir allar þær stundir sem þær unnu. Er slík niðurstaða í andstöðu við grunnreglur kröfuréttar og vinnuréttar um gagnkvæmni og greiðslu verkkaups. Þá

hafa útreikningar stefndu á kröfum sínum ekki sætt haldbærum andmælum. Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

Í rökstuðningi sínum fyrir niðurstöðu fór héraðsdómari í verulegum atriðum út fyrir fyrirmæli f. liðar 1. mgr. og 3. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er það aðfinnsluvert.

#### Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefndu, Björgu Pálsdóttur, Brynju Pálu Helgadóttur, Kristínu Svölu Jónsdóttur, Sigrúnu Ingvarsdóttur og Önnu Jónínu Eðvaldsdóttur, hverri um sig 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 30. maí 2017**

Þetta mál, sem var endurflutt og tekið til dóms 15. maí 2017, er höfðað af Önnu Jónínu Eðvaldsdóttur, kt. [...], Gauksási 41, Hafnarfirði, Björgu Pálsdóttur, kt. [...], Vesturbrún 31, Reykjavík, Brynju Pálu Helgadóttur, kt. [...], Gullengi 17, Reykjavík, Kristínu Svölu Jónsdóttur, kt. [...], Goð heimum 24, Reykjavík og Sigrúnu Ingvarsdóttur, kt. [...], Brekkuási 3, Hafnarfirði, með stefnu birtri 15. apríl 2016, á hendur íslenska ríkinu, til heimtu vangoldinna launa.

Anna Jónína Eðvaldsdóttir krefst þess að stefndi greiði henni 161.734 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 130.239 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 207.412 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og loks af 161.734 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Björg Pálsdóttir krefst þess að stefndi greiði henni 319.679 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 142.810 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 270.754 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og loks af 319.679 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Brynja Pála Helgadóttir krefst þess að stefndi greiði henni 40.643 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 105.549 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 108.046 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og loks af 40.643 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Kristín Svala Jónsdóttir krefst þess að stefndi greiði henni 73.369 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 17.672 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015 og af 73.369 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Sigrún Ingvarsdóttir krefst þess að stefndi greiði henni 188.369 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 93.533 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 160.890 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og loks af 188.370 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Allir stefnendur krefjast málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda auk álags er nemi virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda.

Stefndi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnenda en til vara að málskostnaður verði felldur niður.

### **Málsatvik**

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvernig beri að reikna í verkfalli laun starfsmanna sem vinna hlutastarf í vaktavinnu.

Í byrjun apríl 2015 hófust sameiginlegar verkfallsaðgerðir hjá 17 stéttarfélögum sem eiga aðild að Bandalagi háskólamanna, þar með talið Ljósmeðrafélagi Íslands. Það boðaði, með bréfi dagsettu 20. mars 2015, til ótímabundins verkfalls meðal félagsmanna sinna sem starfa hjá Landspítala. Verkfallið hófst 7. apríl 2015, kl. 00:00, og var ætlað að standa frá kl. 00:00 til 24:00 alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga þar til samningar hefðu náðst. Í tilkynningu til stefnda um verkfallsboðun sagði: *Samkvæmt þessari niðurstöðu hafa félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands samþykkt að hefja verkfall á Landspítala Háskólasjúkrahúsi þann 7. apríl 2015, kl. 00:00, hafi samningar ekki náðst fyrir þann tíma.*

Stefnendur eru allar félagsmenn í Ljósmeðrafélaginu og starfa allar á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Í apríl 2015 fékk bandalagið veður af því að við launa útreikning í verkföllum félagsmanna aðildarfélaganna hygðist stefndi byggja á viðmiðum sem lýst er í dreifibréfi stefnda, nr. 6/2001, um launagreiðslur á meðan á verkfalli stendur svo og umfjöllun sem þar er um túlkun á 19. og 20. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ekki kom þó til frádráttar í byrjun apríl enda byggði stefndi á því að boðað verkfall væri ólöglegt auk þess sem ráðgert var að verkfallið hæfist 7. apríl. Félagsdómur leysti úr því 6. apríl með dómi í máli nr. 14/2015 að verkfallið væri ekki ólöglegt. Að þeim dómi gengnum áréttaði Bandalag háskólamanna athugasemdir við þessar ráðagerðir um framkvæmd á launaútreikningum.

Frá og með þriðjudeginum 7. apríl 2015, kl. 00.00, hófust tímabundnar verkfallslotur hjá Ljósmeðrafélagi Íslands sem stóðu frá kl. 00.00 til 24.00 alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Þessar tímabundnu verkfallslotur áttu að standa ótímabundið þar til samið hefði verið.

Þegar laun voru greidd í byrjun maímánaðar beitti stefndi sem fyrr þeirri reiknireglu sem hann hefur fylgt í verkföllum opinberra starfsmanna og fram kemur í dreifibréfi stefnda nr. 6/2001 um launagreiðslur í verkfalli. Launaútreikningurinn byggðist á túlkun stefnda á frádráttarheimildum og útreikningi á því hversu háu hlutfalli launa skyldi haldið eftir þar eð verkfall Ljósmaðrafélagsins tók ekki til allra daga vikunnar, heldur einungis þriggja daga í senn. Stefndi byggði á því að beita ætti frá drætti á þann hátt að deila ætti hlutfalli verkfallsdaga á viku í heildarvinnudagafjölda mánaðar samkvæmt reiknireglu í grein 1.1.2 í kjarasamningi. Reiknireglan hljóðar svo:

Þegar unnin er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67% í mánað arlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi til loka starfstíma.

Þessari reglu er beitt þegar gera þarf upp laun starfsmanns fyrir hluta mánaðar af einhverjum sökum, starfsmanns sem sinnir dagvinnu reglubundið. Þessi aðferð stefnda tók ekki mið af því að stefnendur, eins og aðrir félagsmenn Ljósmaðrafélagsins, vinna ekki reglubundið í dagvinnu á virkum dögum heldur í vaktavinnu alla daga vikunnar. Þær vaktir eru að auki almennt ekki reglubundnar heldur breytast frá mánuði til mánaðar. Það er jafnframt óreglulegt hvenær sólarhrings vaktirnar eru og á hvaða vikudögum. Strax af þeirri ástæðu var það frádráttarhlutfall sem stefndi kynnti að hann ætlaði að beita alltof hátt þar sem miðað var við þrjá verkfallsdaga af fimm daga vinnuviku þegar raunin er sú að vinnuvika félagsmanna Ljósmaðrafélagsins er sjö dagar og því hefði, að mati stefnenda, átt að horfa til 3/7 í stað 3/5. Í annan stað hélt stefndi þeirri afstöðu til streitu að draga bæri frá launum óháð vinnuframlagi, skerða ætti laun allra á samræmdan hátt án tillits til fjarveru hvers og eins frá vinnu vegna hvers verkfalls. Horfa ætti til meðaltals vinnuskyldu í hverjum mánuði, telja svo verkfallsdaga mánaðar og deila svo með 21,67% og finna þannig frádráttarhlutfall. Að mati stefnenda hafi slík stærð fræði, eðli málsins samkvæmt, ekkert tillit tekið til réttinda hvers og eins einstaklings eða raunverulegs vinnuframlags.

Félagsmenn Ljósmaðrafélagsins vildu ekki una þessari aðferð við launagreiðslu í verkfalli. Af því tilefni skoraði framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna á stefnda, með bréfi dags. 7. maí 2015, að leiðrétta án tafar þennan misbrest á launagreiðslum ella yrði leitað fulltingis dómstóla án frekari fyrirvara.

Stefndi brást við erindum BHM með tveimur bréfum dags. 8. maí 2015. Annað var svar við tölvupósti lögmanns BHM frá 10. apríl 2015 og hitt svar við fyrrgreindu bréfi framkvæmdastjóra BHM frá 7. maí 2015. Stefndi hafnaði afstöðu félagsins í báðum bréfunum og tók fram að hann teldi ekkert komið fram í málinu sem ætti að leiða til þess að brugðið yrði út af fyrri framkvæmd.

Stefndi benti á það sjónarmið að verkfall sé félagleg aðgerð (kollektiv) stéttarfélagssins. Því verði allir félagsmenn að sitja við sama borð um frádrátt launa. Ekki skipti máli hvort verkfallið sé

tímabundið eða ótímabundið. Stefndi byggði á fyrrnefndum vinnureglum sínum í þessu efni sem hann taldi í samræmi við Félagsdóm í máli nr. 8/1984 frá 17. desember 1984. Í samræmi við þessa afstöðu beitti stefndi þessum reikniaðferðum við útreikning launa félagsmanna Ljósmaðrafélagsins, þar með talið stefnenda.

Ljósmaðrafélag Íslands höfðaði mál gegn stefnda fyrir Félagsdómi (nr. 19/2015). Því máli var vísað frá Félagsdómi með úrskurði 29. júní 2015. Áður, eða 13. júní 2015, tóku gildi lög nr. 31/2015, sem lögðu bann við vinnustöðvun aðildarféлага BHM, meðal annars Ljósmaðrafélags Íslands. Jafnframt var kveðið á um það í lögunum, að hefðu aðilar ekki undirritað kjarasamning fyrir 1. júlí 2015, skyldi gerðardómur skipaður til að ákveða kaup og kjör félagsmanna aðildarféлага BHM fyrir 15. ágúst 2015. Samningar tókust ekki milli aðila fyrir tilsettan tíma. Af þeim sökum tók gerðardómurinn til starfa. Hann afhenti niðurstöðu sína 14. ágúst 2015. Ákvarðanir hans eru bindandi sem kjarasamningur frá og með 13. júní 2015, sbr. 2. gr. laga nr. 31/2015.

Ljósmaðrafélag Íslands höfðaði mál gegn stefnda á ný fyrir Félagsdómi. Þess var krafist að viðurkennt yrði að stefndi hefði brotið gegn greinum 1.1 og 1.6, sbr. grein 2.6, í kjarasamningi Ljósmaðrafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, með því að greiða tilgreindum félagsmanni Ljósmaðrafélagsins ekki óskert laun vegna vinnu á sex tilgreindum vöktum sem hún hafði unnið í apríl 2015 þá daga sem verkfallið stóð ekki. Með dómi Félagsdóms 14. október 2015 í máli nr. 22/2015 var stefndi sýknaður af öllum kröfum Ljósmaðrafélagsins á þeim forsendum að samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins yrði að líta svo á að félagsmenn hefðu verið í verkfalli óháð því hvort þeir áttu vinnuskyldu þá daga sem boðað verkfall varði eða ekki. Í sératkvæði tveggja dómara Félagsdóms var fallist á kröfur Ljósmaðrafélagsins á þeim grundvelli að sú framkvæmd að draga laun vegna verkfalls hlutfallslega af öllum félagsmönnum samrýmdist ekki þeirri grunnreglu að starfsmaður skuli fá laun fyrir vinnuframlag sitt. Íslenska ríkið hefði þegið vinnuframlag starfsmanna athugasemdalaust og hefði því borið að greiða laun fyrir daga sem unnir voru utan verkfalls.

### Dómkröfur stefnenda

Kröfur stefnenda byggja á útreikningum Ljósmaðrafélags Íslands. Við þann útreikning studdist félagið við tímaskráningu stefnenda og launaseðla þar sem fram kemur frádráttur stefnda vegna verkfalls í tilviki hverrar fyrir sig. Fundin eru laun hvers stefnenda um sig fyrir unna klukkustund með því að deila umsömdu prósentuhlutfalli samkvæmt grein 1.4.1 í kjarasamningnum, sem fjallar um tímakaup í dagvinnu, í heildarmánaðarlaun þeirra. Tekið er tillit til þess að laun stefnenda hækkuðu frá og með 1. maí 2015 samkvæmt úrskurði gerðardóms enda leiðrétti stefndi launauppgjör sitt vegna maí og júní 1. september 2015 samhliða greiðslu launa þess mánaðar. Síðan er

skilgreint hver vinnustundafjöldi viðkomandi átti að vera samkvæmt vaktáætlunum stefnda og svo skilgreint hversu margar þeirra vinnustunda féllu niður vegna verkfalls. Þá er reiknað út hver frádráttur launa hefði átt að vera vegna verkfallsfrátafa og það borið saman við raunverulegan frádrátt stefnda. Mismunur þessa myndi dómkröfu hvers stefnanda fyrir sig. Krafist er greiðslu vangoldinna launa með svofelldum hætti:

Dómkrafa Önnu Jónínu Eðvaldsdóttur

Á tímabili verkfallsaðgerða, 7. apríl 2015 til 12. júní 2015, hafi vinnuskylda stefnanda, samkvæmt vaktaáætlun sem Landspítali háskólasjúkrahús gaf út, verið 112 klst. í apríl, 125 klst. í maí og 137 klst. í júní. [Við aðalmeðferð var leiðrétt að vinnuskylda hennar í júní nam 123 klst.] Í apríl 2015 hafi stefnandi verið 8 klst. í verkfalli, 24 klst. í maí og 16 klst. í júní. Stefnandi starfaði á tímabili verkfallsaðgerða á deild 22A á Landspítala háskólasjúkrahúsi, Meðgöngu- og sængurkvennadeild, í 70% starfshlutfalli samkvæmt vaktaáætlun sem var skipulögð í samræmi við tillögur hennar sjálfrar. Þær tillögur byggðu ekki á neinum séróskum um nánari framkvæmd vinnunnar og féllu því til á öllum tímum sólarhrings.

Stefnandi er í launaflokki 9-7. Mánaðarlaun hennar nema því 539.293 kr. eftir niðurstöðu gerðardóms skv. lögum nr. 31/2015. Tímakaup hennar er því 3.317 kr. (539.293\*0,615%). Að mati stefnanda hefði frádráttur vegna verkfalls réttilega átt að vera þessi:

Mánuður	Tímafjöldi	Tímakaup	Heildarfjárhæð
Apríl 2015	8 klst.	3.317 kr.	26.533 kr.
Maí 2015	24 klst.	3.317 kr.	79.600 kr.
Júní 2015	16 klst.	3.317 kr.	53.066 kr.
Samtals			159.199 kr.

Samkvæmt launaseðli stefnanda frá september 2015 dró stefndi af launum hennar samtals 320.933 krónur. Þar af 156.772 kr., vegna apríl, 156.772 kr., vegna maí, og 7.388 kr., vegna júní. Launaseðillinn sýni hvernig frádráttur af launum hennar hafi verið leiðréttur afturvirkir í samræmi við niðurstöðu gerðardóms. Stefnandi telur réttan frádrátt af launum hennar nema 159.199 kr. Raunar hátti svo til að stefndi hafi dregið minna af launum hennar vegna júnímánaðar heldur en þátttaka hennar í verkfalli hafi gefið tilefni til en tekið sé tillit til þess í framsetningu dómkröfu stefnanda. Vangoldin laun sundurliðast þannig:

Mánuður	Frádráttur stefnda	Réttur frádráttur að mati stefnanda	Mismunur

Apríl 2015	156.772	-26.533	130.239
Maí 2015	156.772	-79.600	77.173
Júní 2015	7.388	-53.066	-45.678
<b>Samtals</b>			<b>161.734</b>

#### Dómkrafa Bjargar Pálsdóttur

Á tímabili verkfallsaðgerða, 7. apríl 2015 til 12. júní 2015, hafi vinnuskylda stefnanda, samkvæmt vaktaáætlun sem Landspítali háskólasjúkrahús gaf út, verið 93 klst. í apríl, 126 klst. í maí og 80,33 klst. í júní. Í apríl 2015 hafi stefnandi verið fjórar klst. í verkfalli, 8,27 klst. í maí en engar frátafir hafi verið hjá henni af þessum sökum í júní. Stefnandi starfaði á tímabili verkfallsaðgerða á deild 23B á Landspítala háskólasjúkrahúsi, á fæðingarvaktinni við móttöku barna. Stefnandi, sem var í 50% starfi, vann fyrst og fremst á næturvöktum að eigin ósk en jafnframt eru vaktir skipulagðar í samræmi við tillögur hennar sjálfar sem hún leggur fram með tveggja mánaða fyrirvara. Tilviljun hafi ráðið háu hlutfalli verkfallsvakta.

Stefnandi er í launaflokki 10-7. Mánaðarlaun hennar nema því 566.257 kr. eftir niðurstöðu gerðardóms skv. lögum nr. 31/2015. Tímakaup hennar er því 3.482 kr. ( $566.257 * 0,615\%$ ). Að mati stefnanda hefði frádráttur vegna verkfalls réttilega átt að vera þessi:

Mánuður	Tímafjöldi	Tímakaup	Heildarfjárhæð
Apríl 2015	4 klst.	3.482	13.930
Maí 2015	8,27 klst.	3.482	28.796
Júní 2015	0 klst.	3.482	0
		Samtals	42.726

Samkvæmt launaseðli stefnanda frá september 2015 dró stefndi af launum hennar samtals 362.404 kr. Þar af 156.740 kr., vegna apríl, 156.740 kr., vegna maí, og 48.925 kr. vegna júní. Launaseðillinn sýni hvernig frádráttur af launum stefnanda var leiðréttur afturvirkir í samræmi við niðurstöðu gerðardóms. Stefnandi telur réttan frádrátt af launum hennar nema 42.726 kr. Vangoldin laun sundurliðast þannig:

Mánuður	Frádráttur stefnda	Réttur frádráttur að mati stefnanda	Mismunur
Apríl 2015	156.740	-13.930	142.810
Maí 2015	156.740	-28.796	127.944
Júní 2015	48.925	-0	48.925



<b>Samtals</b>			<b>319.679</b>
----------------	--	--	----------------

Dómkrafa Brynju Pálu Helgadóttur:

Á tímabili verkfallsaðgerða, 7. apríl 2015 til 12. júní 2015, hafi vinnuskylda stefnanda, samkvæmt vaktaáætlun sem Landspítali háskólasjúkrahús gaf út, verið 143 klst. í apríl, 154 klst. í maí og 136 klst. í júní. Í apríl 2015 hafi hún verið 20 klst. í verkfalli, 35,2 klst. í maí og 38,4 klst. í júní. Stefnandi starfaði á tímabili verkfallsaðgerða á deild 23B á Landspítala háskólasjúkrahúsi á fæðingarvaktinni við móttöku barna. Hún var í 80% starfi og voru vaktir skipulagðar í samræmi við tillögur hennar sjálfrar.

Stefnandi er í launaflokki 9-4. Mánaðarlaun hennar nema því 504.780 kr. eftir niðurstöðu gerðardóms skv. lögum nr. 31/2015. Tímakaup hennar er því 3.104 kr. ( $504.780 \cdot 0,615\%$ ). Að mati stefnanda hefði frádráttur vegna verkfalls réttilega átt að vera þessi:

Mánuður	Tímafjöldi	Tímakaup	Heildarfjárhæð
Apríl 2015	20 klst.	3.104	62.088
Maí 2015	35,2 klst.	3.104	109.261
Júní 2015	38,4 klst.	3.104	119.194
<b>Samtals</b>			<b>290.542</b>

Samkvæmt launaseðli stefnanda frá september 2015 dró stefndi af launum hennar samtals 331.186 kr. Þar af 167.637 kr. vegna apríl, 111.758 kr. vegna maí og 51.790 kr. vegna júní. Launaseðillinn sýni hvernig frádráttur af launum stefnanda var leiðréttur afturvirkur í samræmi við niðurstöðu gerðardóms. Stefnandi telur réttan frádrátt af launum hennar nema 290.542 kr. Raunar hátti svo til að stefndi hafi dregið minna af launum stefnanda vegna júnímánaðar heldur en þátttaka hennar í verkfalli gaf tilefni til en tekið er tillit til þess í framsetningu dómkröfu stefnanda. Vangoldin laun sundurliðast þannig:

Mánuður	Frádráttur stefnda	Réttur frádráttur að mati stefnanda	Mismunur
Apríl 2015	167.637	-62.088	105.549
Maí 2015	111.758	-109.261	2.497
Júní 2015	51.790	-119.194	-67.403
<b>Samtals</b>			<b>40.643</b>

Dómkrafa Kristínar Svölu Jónsdóttur

Á tímabili verkfallsaðgerða, 7. apríl 2015 til 12. júní 2015, hafi vinnuskylda stefnanda, samkvæmt vaktaáætlun sem Landspítali háskólasjúkrahús gaf út, verið 33 klst. í apríl, 40 klst. í maí og 24 klst. í júní. Í apríl 2015 var stefnandi 12,3 klst. í verkfalli, en hvorki í maí og júní. Hún starfaði á tímabili verkfallsaðgerða á deild 23D, Vökudeild, í 20% starfshlutfalli sem hún leysti almennt þannig af hendi að vinna þriðju hverja helgi, því féll ekki niður vinna hjá henni umfram eina aukavakt sem ráðgert var að hún tæki í apríl.

Stefnandi er í launaflokki 8-6. Mánaðarlaun hennar nema því 502.684 kr. eftir niðurstöðu gerðardóms skv. lögum nr. 31/2015. Tímakaup hennar er því 3.092 kr. ( $502.684 * 0,615\%$ ). Að mati stefnanda hefði frádráttur vegna verkfalls réttilega átt að vera þessi:

Mánuður	Tímafjöldi	Tímakaup	Heildarfjárhæð
Apríl 2015	12,3 klst.	3.092	38.026
Maí 2015	0 klst.	3.092	0
Júní 2015	0 klst.	3.092	0
Samtals			38.026

Samkvæmt launaseðli stefnanda frá september 2015 dró stefndi af launum hennar samtals 111.395 kr. Þar af 55.697 kr. vegna apríl og 55.697 kr. vegna maí, en ekkert vegna júní. Launaseðillinn sýni hvernig frádráttur af launum stefnanda var leið réttur afturvirkur í samræmi við niðurstöðu gerðardóms. Stefnandi telur réttan frádrátt af launum hennar nema 38.026 kr. Vangoldin laun sundurliðast þannig:

Mánuður	Frádráttur stefnda	Réttur frádráttur að mati stefnanda	Mismunur
Apríl 2015	55.697	-38.026	17.672
Maí 2015	55.697	-0	55.697
Júní 2015			0
<b>Samtals</b>			<b>73.369</b>

#### Dómkrafa Sigrúnar Ingvarsdóttur

Á tímabili verkfallsaðgerða, 7. apríl 2015 til 12. júní 2015, hafi vinnuskylda stefnanda, samkvæmt vaktaáætlun sem Landspítali háskólasjúkrahús gaf út verið 96,36 klst. í apríl, 88 klst. í maí og 108 klst. í júní. Í apríl 2015 var stefnandi 20 klst. í verkfalli, 16 klst. í maí og 8 klst. í júní. Stefnandi starfaði á tímabili verkfallsaðgerða á deild 22B á Landspítala háskólasjúkrahúsi, við

áhættumæðravernd, en þau verk eru leyst af hendi í dagvinnu milli kl. 8 og 16 þannig að allar vaktir hennar voru á þeim tíma sólarhrings. Á tíma verkfalls var hún í 60% starfi.

Stefnandi er í launaflokki 7-3. Mánaðarlaun hennar nema af þeim sökum 447.524 kr. eftir niðurstöðu gerðardóms skv. lögum nr. 31/2015. Tímakaup hennar er því 2.752 kr. ( $447.524 \cdot 0,615\%$ ).

Að mati stefnanda hefði frádráttur vegna verkfalls réttilega átt að vera þessi:

Mánuður	Tímafjöldi	Tímakaup	Heildarfjárhæð
Apríl 2015	20 klst.	2.752	55.045
Maí 2015	16 klst.	2.752	44.032
Júní 2015	8 klst.	2.752	22.016
Samtals			121.093

Samkvæmt launaseðli stefnanda frá september 2015 dró stefndi af launum hennar samtals 309.463 kr. Þar af 148.578 kr. vegna apríl, 111.389 kr. vegna maí og 49.496 kr. vegna júní. Launaseðillinn sýni hvernig frádráttur af launum stefnanda var leið réttur afturvirkir í samræmi við niðurstöðu gerðardóms. Réttur frádráttur af launum hennar hefði átt að nema 121.093 kr. Vangoldin laun sundurliðist þannig:

Mánuður	Frádráttur stefnda	Réttur frádráttur að mati stefnanda	Mismunur
Apríl 2015	148.578	55.045	93.533
Maí 2015	111.389	44.032	67.357
Júní 2015	49.496	22.016	27.480
<b>Samtals</b>			<b>188.369</b>

Allir stefnendur krefjast dráttarvaxta frá hverjum gjalddaga launa vegna uppgjörsvakta sem er fyrsti dagur annarra mánaðarmóta, það er frá 1. júní vegna vaktatímabils til 15. apríl, 1. júlí vegna vaktatímabils til 15. maí og 1. ágúst vegna vaktatímabils til 15. júní 2016.

### Málsástæður og lagarök stefnanda

#### Samlagsaðild

Stefnendur sækja þetta mál í félagi, samkvæmt heimild 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Þær vísa til þess að dómkröfurnar eigi rót sína að rekja til þeirrar aðstöðu að stefnendur, sem eru allar félagsmenn í Ljósmeðrafélagi Íslands, hafi ekki fengið greitt fyrir vinnu sem þær inntu af hendi. Sömu atvik eigi við í tilviki þeirra allra, þ.e. að stefndi dró af launum þeirra eftir reiknireglu vegna

verkfallsaðgerða án tillits til eignarréttinda hverrar og einnar af stefnendum á launum fyrir vinnuframlag sem þær höfðu látið í té. Af þeim sökum telja stefnendur mál sitt fullnægja þeim skilyrðum að þær geti nýtt sér réttarfarshagræði samlagsaðildar þótt réttindi hverrar og einnar njóti einstaklingsbundinnar stjórnarskrárverndar. Málsástæður og aðstæður allar í tilviki hverrar fyrir sig séu algerlega sambærilegar að gættum þeim mun sem er á vaktafjölda, launaflokki og starfshlutfalli hverrar fyrir sig.

Stefnendur byggja kröfur sínar á ráðningarsamningum sínum og rétti sínum til endurgjalds fyrir þá vinnu í þágu stefnda sem þær hafa innt af hendi. Þær byggja einnig á meginreglum samningaréttar um skyldu til að efna gerða samninga.

Stefnendur vísa til þess að kjör ljósmæðra á Landspítalanum háskólasjúkrahúsi ráðist af kjarasamningi Ljósmæðrafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, frá 28. febrúar 2005, og úrskurði gerðardóms, samkvæmt lögum nr. 31/2015, frá 14. ágúst 2015. Stefnendur hafi allar starfað á Landspítalanum í þágu stefnda. Því beri að líta til kjarasamningsins og úrskurðar gerðardóms um kaup og kjör stefnenda sem stefndi sé bundinn af. Stefnendur leggja til grundvallar að ekki sé ágreiningur með aðilum um vinnustundafjölda og röðun stefnenda í launaflokka hverju sinni enda komi þetta fram á launaseðlum sem stefndi gaf út. Vinnustundir, bæði þær sem voru unnar og eins þær sem féllu niður vegna verkfalls, ættu líka að vera óumdeildar enda byggja kröfur stefnenda á gögnum frá stefnda í þessum efnun.

Kröfur allra stefnenda séu vegna vinnu sem þær inntu af hendi. Stefndi hafi neitað að greiða laun fyrir þessa vinnu og þar með tekið undir sig afrakstur af vinnuframlagi stefnenda, andstætt lögum að þeirra mati. Stefnendur vísa til þess að dæmt hafi verið að aflahæfi fólks sé stjórnarskrárvarin eignarréttindi. Þar að auki sé réttur stefnenda til launa, sem þær hafi þegar unnið fyrir, stjórnarskrárvarinn, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Stefnendur byggja á því að með því að skerða laun þeirra í samræmi við reiknireglu stefnda brjóti stefndi gegn þessu stjórnarskrárákvæði. Stefndi haldi á lofti þeirri öfugsnúnu jafnræðisreglu, að skerða eigi laun allra félagsmanna á grundvelli reiknireglu greinar 1.1.2 í kjarasamningi. Þessi regla eigi ekki við rök að styðjast og ryðji ekki úr vegi einstaklingsbundnum eignarrétti hvers stefnanda fyrir sig á afrakstri eigin verka sem þær hafi innt af hendi.

Í ákvæðum kjarasamnings Ljósmæðrafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og úrskurði gerðardóms, samkvæmt lögum nr. 31/2015, felist að launatímabil miðast við mánuð og mánaðarlaun skuli greidd þeim sem hafi innt af hendi vinnu í þeim mánuðum sem um ræðir. Stefndi hafi sjálfur byggt útreikning sinn og afstöðu á því að vinnuskylda og laun miðist við mánuð. Fyrir liggi að hluta tímabilsins frá 7. apríl til og með 12. júní 2015 hafi hrina verkfallsaðgerða staðið, á

Þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, sem stefnendur tóku þátt í með því að leggja niður störf þessa daga að því marki sem þær áttu að standa vaktir þessa daga og voru ekki kallaðar til í krafti undanþága. Þetta hafi ekki verið samfellt ótímabundið verkfall heldur tímabundnar verkfallslotur, slitruverkfall, hjá félagsmönnum stéttarfélags stefnenda, Ljósmeðrafélagi Íslands, sem stóð frá kl. 00.00 til 24.00 alla nefnda vikudaga á vinnustað stefnenda.

Aðra daga vikunnar, föstu-, laugar-, sunnu- og mánudaga hafi stefnendur sinnt venjulegum störfum sínum eftir því sem kveðið var á um í vaktááætlun sem stefndi gefur út fyrir hvert vaktatímabil. Vinnutilhöggun hvernar og einnar af stefnendum ráð ist af einstaklingsbundnum ákvæðum ráðningarsamnings. Í þeim efnun hafi einkum þrennt áhrif; 1) starfshlutfall, 2) þau verkefni sem hver og ein meðal stefnenda leysti af hendi og 3) nánari tilhöggun vakta.

Í sumum tilvikum hafi vinna einungis verið innt af hendi á dagvinnutíma, eins og í tilviki Sigrúnar Ingvarsdóttur, en í öðrum tilvikum hafi vinnan nánast alfarið verið innt af hendi um helgar, sem voru utan þess tíma sem verkföll höfðu áhrif á, eins og til dæmis í tilviki Kristínar Svölu sem vann að jafnaði einvörðungu um helgar þótt henni hefði verið ætlað að taka eina aukavakt í apríl, sem féll svo niður vegna verkfalls.

Óháð vinnufyrirkomulagi blasi sú hlutræna staðreynd við í tilviki allra stefnenda að stefndi tók undir sig stærri hluta launa þeirra heldur en nam því vinnuframlagi sem féll niður vegna verkfalls. Þótt óumdeilt sé að stefnendur hafi sinnt störfum með venjulegu sniði þessa fjóra daga vikunnar hafi stefndi kosið að haga launagreiðslum eftir eigin aðferðum án tillits til vinnuframlags stefnenda. Slíkt sé brot á kjarasamningi og það að greiða ekki fyrir unnin störf sé brot á stjórnarskrá.

Í þessu sambandi verði líka að hafa í huga að í dreifibréfi nr. 6/2001 felist ekki gild stjórnvaldsfyrirmæli. Það sé gefið út án nokkurrar lagastoðar. Það eigi sér ekki heldur grundvöll í stjórnvaldsfyrirmælum. Skjalið skapi stefnda ekki sjálfstæðan rétt auk þess sem standist ekki, í þessum tilvikum, að beita reiknireglunni sem tilgreind er í skjalinu.

Stefnendur áréttu að reikniregla greinar 1.1.2 í kjarasamningi, sé aðferð til að finna út hlutfall mánaðarlauna. Hún sé mjög víða í kjarasamningum enda hugsuð til þess að reikna út hvaða laun sá starfsmaður, sem vinni reglubundið átta stunda vinnudag, eigi að fá fyrir brot úr mánuði. Stefndi beiti henni hins vegar undir öfugum formerkjum – til þess að draga frá launum, í stað þess að reikna út laun. Vinna stefnenda hjá stefnda falli ekki að hugtaksskilyrðum þessa ákvæðis. Stefnendur vinni ekki reglubundna átta stunda dagvinnu án laugardaga og sunnudaga. Þær séu í óreglulegri vaktavinnu þar sem vaktir dreifist á alla sjö daga vikunnar. Til dæmis sé mjög algengt að starfsmenn sinni 12 klukkustunda löngum vöktum um helgar þannig að vinnuframlag sé innt af hendi á mun færri dögum vikunnar en ella. Jafnframt sé vinnufyrirkomulag hvers og eins starfsmanns sniðið að nánara inntaki

ráðningarsamnings hvers og eins. Það inntak sé mjög fjölbreytt. Einungis einn stefnenda vinni reglubundið átta klukkustunda vaktir á dagvinnutíma, Sigrún Ingvarsdóttir, sem vinni á göngudeild mæðraverndar og fósturgreininga. Þrátt fyrir það hafi reikniregla greinar 1.1.2 leitt til þess að stefndi hélt eftir sem nam 188.963 krónum af launum sem Sigrún vann fyrir með vinnuframlagi sínu. Öndvert við Sigrúnu vinni stefnandinn Kristín Svala nánast einvörðungu um helgar, leysi alla sína vinnuskyldu almennt af hendi á þeim tíma. Ein aukavakt, sem henni var ætlað að vinna í apríl, hafi fallið niður, önnur vinna ekki, hvorki á öðrum tíma í apríl né í maí eða júní. Engu að síður hafi stefndi tekið undir sig af launum þessa stefnanda í maímánuði þótt hún hafi sinnt vinnuskyldu sinni í hvívetna. Í tilvikum allra stefnenda blasi við þegar dómkröfur þeirra eru gaumgæfðar og hugað að vinnuskyldu hverrar og einnar í hverjum mánuði að stefndi taki undir sig eign hverrar þeirrar fyrir sig. Því fari þannig fjarri að unnt sé að leggja reiknireglu greinar 1.1.2 til grundvallar í þessum tilvikum, sú regla miði að allt annarri aðstöðu.

Meðaltalsútreikningsaðferð stefnda, sem miðist alfarið við fimm daga vinnuviku í reglulegri átta klukkustunda vinnu, valdi skekkju í tilvikum stefnenda. Samkvæmt henni detti út tveir vinnudagar í viku hverri, þar sem vaktir eru staðnar rétt eins og alla hina daga vikunnar. Skekkjan verði þeim mun meiri fyrir þær sakir að mjög algengt sé að ljósmæður standi tvöfaldar vaktir um helgi, það er standi tvær tólf stunda langar vaktir, laugardag og sunnudag og hafi því innt af hendi drjúgan hluta vinnuskyldunnar utan þess tímabils sem grein 1.1.2 miðist við og að auki utan þess tímabils sem verkfallslotur Ljósmæðrafélagsins tóku til.

Að mati stefnenda er kjarninn sá, þegar horft er til málsatvika hvers stefnanda um sig, að sú reikniregla sem stefndi vill miða við grípi í engu tilviki rétt utan um réttarstöðu stefnenda, ekki einu sinni stefnandans Sigrúnar sem þó leysti sínar vaktir af hendi á dagvinnutímabili á virkum dögum. Þessi rök mæli gegn því að nota margnefnda reiknireglu kjarasamnings undir öfugum formerkjum. Enn fremur verði að halda því sérstaklega til haga að stéttarfélag stefnenda hafi ekki efnt til verkfalls í einhverju tilteknu starfshlutfalli heldur tiltekna daga. Það sé einfaldlega röng nálgun að nota almennan hlutfallsútreikning til að draga af stefnendum og öðrum félagsmönnum stéttarfélagsins.

Í þessu sambandi verði að áréttá að vaktir stefnenda séu almennt gerðar upp einstaklingsbundið. Stefndi geri upp laun hverrar og einnar þeirra um hver mánaðamót. Þá horfi hann til starfshlutfalls sem og hugsanlegra aukavakta sem og frátafa sem upp kunni að hafa komið. Stefnda sé því engin vorkunn að gera upp laun hverrar og einnar að teknu tilliti til þátttöku hverrar um sig í verkfallsað gerðum án þess að ganga á stjórnarskrárvarin eignarréttindi þeirra. Engar tæknilegar hindranir hafi þar staðið í vegi.

Stefnda beri að efna sinn hluta ráðningarsamnings á sama hátt og stefnendur hafi efnt sinn hluta samningsins með því að inna af hendi vinnuframlag sitt, enda hafi stefndi ekki orðið af vinnuframlagi stefnenda þá daga sem verkfall stóð ekki yfir, einungis þá daga sem stefnendur lögðu niður störf. Samkvæmt meginreglu íslensks vinnuréttar sé verkfall félagsleg aðgerð sem raski ekki ráðningarsambandi einstakra launamanna og vinnuveitanda þeirra. Stefnda beri þar af leiðandi að greiða laun í samræmi við unnin störf samkvæmt ráðningarsamningi sem verkfallið kom ekki í veg fyrir að væru unnin.

Verkfall sé lögbundið úrræði stéttarfélags til að ná fram kjarasamningi við viðsemjanda sinn og sem slíkt sé það vissulega félagsleg aðgerð. Stefnendur hafi, sem félagsmenn, tekið þátt í þeirri aðgerð. Það rýri ekki réttindi einstakra félagsmanna til launa og kjara samkvæmt gildandi kjarasamningi ef og þegar svo háttar til að verkfall annað hvort hafi ekki áhrif á störf viðkomandi félagsmanns eða honum beri að lögum að vinna störf sín í verkfalli.

Stefnendur byggja á því að stefnda hafi einungis verið heimilt að fella niður laun þeirra vegna þeirra vakta sem óumdeilt er að féllu niður vegna verkfalls. Takmörkun greiðsluskyldu stefnda sem atvinnurekanda geti að mati stefnenda ekki verið rýmri en sem nemi því vinnuframlagi starfsmanns sem falli niður hverju sinni. Stefndi eigi enga heimtingu á því að stefnendur gangi til starfa án þess að fá greitt fyrir þau og eigi enga heimtingu á því að auðgast á kostnað starfsmanna sinna með því að þurfa ekki að greiða fyrir unnar vinnustundir, einungis vegna þess að aðrir starfsmenn lögðu niður störf hjá stefnda vegna verkfalls.

Stefnda sé ekki unnt að tyfta stefnendur fyrir þátttöku þeirra í verkfalli með launafrádrætti til þess að sporna gegn verkföllum. Réttur stefnenda, sem félagsmanna í stéttarfélagi sínu, til þess að fara í verkfall sé lögvarinn, sbr. 14. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar að auki sé rétturinn til að semja um kaup og kjör sérstaklega varinn af stjórnarskránni, sbr. 75. gr. hennar, sbr. einnig 5. og 7. gr. laga nr. 94/1986. Skilyrði þess hins vegar að þessi réttindi séu virk og raunhæf séu að félagsmenn stéttarfélaga taki þátt í atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls og samþykki að þessara réttinda sé neytt til að knýja á um nefnd stjórnarskrárvarin réttindi. Að mati stefnenda er undir hælinn lagt að starfsmenn treysti sér til að ljá atbeina sinn og samþykki fyrir slíkum aðgerðum ef þeir mega vænta þess að vera sviptir þeim stjórnarskrárvörðu eignarréttindum, að njóta arðs af vinnuframlagi sem þeir hafa þegar innt af hendi. Alltof langt sé gengið þegar dregið sé af launum stefnenda langt umfram þátttöku í verkfallinu. Í launafrádrættinum felist óréttmæt auðgun stefnda, því stefnendur hafi í raun verið í launalausri þegnskyldu í þágu stefnda þegar þær gengu til starfa.

Inntak hugtaksins verkfall sé lögbundið í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 84/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 67/2000. Til verkfalls í skilningi laganna teljist það þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að

einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Að mati stefnenda ætti að vera óumdeilt að gagnkvæmni í skyldum aðila fylgist að í þessum efnum, þegar starfsmenn fari í verkfall falli greiðsluskylda stefnda á launum niður. Hins vegar takmarkist það brottfall að mati stefnenda á gagnkvæman hátt. Hagur annars aðilans vænkist ekki á kostnað hins vegna félagslegra aðgerða þess síðarnefnda. Takmörkun greiðsluskyldu atvinnurekanda geti þó að mati stefnenda ekki verið rýmri en sem nemur því vinnuframlagi starfsmanns sem fellur niður hverju sinni. Stefndi eigi þannig að mati stefnenda enga heimtingu á því að þær gangi til starfa án þess að fá greitt fyrir það.

Félagsdómur hafi komist að þeirri niðurstöðu í dómi í máli nr. 22/2015, Ljósmaðrafélag Íslands gegn íslenska ríkinu, að frádráttaraðferð stefnda stæðist þar sem horfa ætti til þess að vinnuskylda og vinnulaun ætti að miða við mánuð án tillits til þess hvernig vinna félli til innan mánaðar. Félagsmenn væru í verkfalli tilgreinda verkfallsdaga án tillits til þess hvort þeirra væri að sinna vinnuskyldu á þeim dögum. Því væri réttmætt að beita títtnefndri reiknireglu. Þessi dómur byggist á sýn dómstólsins á réttarstöðu þeirra málsaðila sem þar deildu en tók lítt eða ekki á gagnkvæmni réttarsambands einstakra félagsmanna. Ekki sé vikið að þeirri aðstöðu þegar starfsmaður hafi innt sína skyldu af hendi í gagnkvæmu réttarsambandi. Starfsmaðurinn hafi látið sín verðmæti af hendi, vinnuframlag sitt, en atvinnurekandinn láti undir höfuð leggjast að láta gagngjaldið, launin, af hendi. Dómur Félagsdóms hafi ekki bindandi áhrif fyrir stefnendur þessa máls enda hafi þær ekki verið aðilar að því. Þótt þær séu félagsmenn í Ljósmaðrafélagi Íslands hafi þær aldrei afsalað sér stjórnarskrárvörðum eignum sínum, launum sem þær hafi unnið fyrir með vinnuframlagi sínu.

Stefnendur byggja á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, stjórnarskránni, sbr. lög nr. 33/1944, einkum 72. gr. og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, einkum 1. gr. Kröfur þeirra um vexti og dráttarvexti styðjast við III. kafla laga um vexti og verðbætur, nr. 38/2001. Kröfur um málskostnað styðjast við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988, en stefnendur eru ekki virðisaukaskattsskyldar og því sé þeim nauðsynlegt að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefnda.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Stefndi mótmælir öllum sjónarmiðum og málsástæðum stefnenda. Hann vísar fyrst til þess að í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, segir að boðað verkfall taki til **allra starfsmanna** í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn, annarra en þeirra sem óheimilt er að leggja niður störf samkvæmt þeim lögum. Það sé því meginreglan að verkfall taki til allra starfsmanna, nema þeirra sem falli undir undanþáguákvæði 19. eða 20. gr. laganna.



Eins og skýrt sé af verkfallsboðuninni hafi verkfallið náð til allra félagsmanna sem voru við störf hjá Landspítala frá og með 7. apríl 2015 en ekki einungis til þeirra félagsmanna sem áttu vinnuskyldu umrædda verkfallsdaga eins og stefnendur halda fram. Hefði það verið vilji Ljósmeðrafélags Íslands að verkfallsboð unin tæki ekki til hluta félagsmanna, það er þeirra félagsmanna sem hefðu ekki átt vinnuskyldu umrædda daga, hefði verið eðlilegt að taka það skýrt fram. Verkfallsboðunin beri ekki með sér að vilji hafi staðið til að takmarka verkfallsþátttöku félagsmanna með þeim hætti. Ljóst sé að verkfallið hafi tekið jafnt til allra félagsmanna Ljósmeðrafélagsins, óháð því hvaða vikudaga þeir inntu sína mánaðarlegu vinnuskyldu (21,67 daga) af hendi. Verkfallið hafi því að fullu tekið til stefnenda og þær verið í verkfalli umrædda daga, að undanskildum þeim dögum sem þær unnu samkvæmt undanþáguákvæðum 19. gr. eða 20. gr. laganna.

Samkvæmt meginreglu vinnuréttar hafi stefnda því borið að haga launafrádrætti í samræmi við það að verkfallið tæki til allra starfsmanna. Sú máls ástæða stefnenda að tímabundið verkfall taki einungis til vinnuskyldu þeirra sem hafi, samkvæmt fyrir fram ákveðnu vaktaskipulagi, átt að vera við störf þessa tilteknu vikudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, sé ekki í samræmi við tilgang verkfalls sem félagslegrar aðgerðar, sbr. III. kafla laga nr. 94/1986. Hafa verði hugfast að verkfall sé félagsleg (kollektív) aðgerð. Frá dráttarregla launa í kjarasamningnum sé reist á grunni jafnræðisreglunnar og taki jafnt til allra þeirra félagsmanna sem eru bundnir af löglegum verkfallsaðgerðum stéttarfélags síns og taki jafnt til tímabundinna og ótímabundinna verkfalla.

Það sé meginregla í kjarasamningum starfsmanna ríkisins að launagreiðslur mið ist við meðaltalsmánuð (21,67 daga) og vinnuskyldan þar með. Þrátt fyrir að á árum áður hafi ákveðnir hópar starfsmanna ríkisins fengið vikulaun í samræmi við þágildandi ákvæði kjarasamninga, fái allir starfsmenn, sem nú séu ráðnir, settir eða skipaðir í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, greidd mánaðarlaun.

Í verkföllum hafi það ávallt verið framkvæmd stefnda að dregið sé með sama hætti af mánaðarlaunum allra félagsmanna hlutaðeigandi stéttarfélags óháð því hvort við komandi félagsmanni hafi borið að vinna á meðan á verkfalli stóð eða ekki. Óumdeilt sé að stefnendur fái greidd mánaðarlaun í samræmi við framangreinda reglu, sem og starfshlutfall og launaflokk. Það sé meginregla að í fullu starfi (fullum mánaðarlaunum) felist 40 vinnuskyldustundir á viku. Sú regla sé fest í lög nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, og sé nánar útfærð í kjarasamningum, sbr. grein 1.1.2, sem sé samhljóða í öllum kjarasamningum fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Í grein 1.1.2 í kjarasamningi fjármálaráðherra og Ljósmeðrafélags Íslands sé svohljóðandi ákvæði um útreikning á broti úr mánaðarlaunum:

Þegar unninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma.

Þetta ákvæði hafi verið lengi í kjarasamningi fjármálaráðherra og Ljósmeðrafélags Íslands. Sambærileg ákvæði um útreikninga á broti úr mánaðarlaunum séu í öðrum kjarasamningum sem fjármálaráðherra hafi gert. Samningsaðilar hafi talið nauð synlegt að hafa ákvæði sem þetta í kjarasamningi, þar eð vinnuskylda í hverjum mánuði sé mismikil þótt mánaðarlaunin sé þau sömu. Fjöldi vinnudaga í mánuði sé misjafn, en meðalfjöldi vinnudaga til grundvallar mánaðarlaunum sé 21,67 dagar. Af þessari reiknireglu leiði að þótt starfsmenn fái sömu krónutölu í mánaðarlaun fyrir hvern mánuð liggja mismargir vinnudagar að baki launinum eftir mánuðum. Eðli málsins samkvæmt séu færri almanaksdagar í febrúar en í júlí. Starfsmaður sem vinni fulla vinnu, 21,67 daga, fái þó greidd sömu laun fyrir unnin störf í febrúar og júlí. Rétturinn til mánaðarlauna sé ekki háður því á hvaða vikudaga vinnuskyldan dreifist og með mánaðarlaunum í kjarasamningi sé ekki átt við laun fyrir tiltekna vikudaga samkvæmt vaktaskipulagi, heldur fyrrgreint meðaltal vinnudaga.

Framkvæmd stefnda á launafrádrætti í verkföllum sé hlið stæð því sem kveðið sé á um í umræddri frádráttarreglu kjarasamninga. Reikniregla vegna frádráttar launa í verkfalli birtist því í grein 1.1.2 í kjarasamningi aðila. Áður hafi verið deilt um reikniregluna, meðal annars í fyrri verkföllum Ljósmeðrafélags Íslands sem og öðrum verkföllum stéttarfélagaga gagnvart stefnda. Niðurstaða dómsmála, bæði fyrir Félags- og héraðsdómi hafi einatt verið sú að reiknireglan hafi verið talin rétt og ítrekað staðfest að beita skuli henni við útreikning á broti úr mánaðarlaunum þegar frádráttur vegna launa í verkföllum sé reiknaður út. Sú staðhæfing stefnenda að reiknireglan miðist við dagvinnumenn sem vinni fimm daga vikunnar, en ekki vaktavinnumenn sem vinni sjö daga vikunnar, sé samkvæmt ofangreindu röng. Til áréttingar telur stefndi rétt að nefna að vinnuvika starfsmanna í fullu starfi skuli vera 40 stundir á viku skv. grein 2.1.1 í kjarasamningnum, óháð því hvort starfsmenn sinni hefðbundinni dagvinnu á virkum dögum eða vinni á reglubundnum vöktum. Í grein 2.6.1 í kjarasamningi aðila komi fram að þeir sem vinni á reglubundnum vöktum, skuli fá **vaktaálag** fyrir unnin störf á þeim tíma sem falli utan venjulegs dagvinnutímabils, sbr. grein 1.6.1 í kjarasamningi aðila. Að öðru leyti sé ekki gerður greinarmunur á þeim sem inna sína vinnuskyldu af hendi á dagvinnutíma á virkum dögum og þeim sem sinni vinnuskyldu sinni á reglubundnum vöktum sem geti verið utan dagvinnutíma og á öllum vikudögum. Þessu til stuðnings megi vísa til þess að í grein 2.6.7 í kjarasamningnum komi skýrt fram að ljósmóðir í fullu starfi sem vinnur á reglubundnum vöktum og vinnur til jafnaðar 40 klst. á viku allt árið geti, í stað greiðslna skv. 2.3.2 (yfirvinna), fengið frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við heils árs starf. Þessi grein sýni glöggt að gert sé ráð fyrir því að vinnuskylda ljósmóður í fullu starfi á reglubundnum vöktum sé með sama

hætti og þeirrar sem vinni dagvinnu skv. 1.1.2, þ.e. þær vinni báðar að jafnaði 40 klst. á viku, allt árið. Eini munurinn á störfum Ljós móður sem vinnur dagvinnu og þeirrar sem vinnur vaktavinnu sé, að sú sem vinnur vaktavinnu fær sérstakar álagsgreiðslur fyrir unnin störf sem falla utan hefðbundins dagvinnutíma, eins og hann er skilgreindur í kjarasamningi. Einnig fái starfsmenn í vaktavinnu að jafnaði tvo samfellda frídaga í viku eins og hefðbundnir dagvinnumenn og því eigi viðmiðið um 21,67 daga vegna vinnuskyldustunda í meðaltalsmánuði jafnt við um báða hópa. Í ljósi dómkrafa stefnenda telur stefndi nauðsynlegt að áréttta að reiknireglan, sem frádrátturinn byggist á, miði við greiðslu mánaðarlauna en ekki vikulauna eins og stefnendur vilja halda fram.

Stefnendur haldi því fram að með því að draga hlutfallslega jafnt af öllum félagsmönnum Ljósmaðrafélags Íslands sem starfi hjá Landspítala vegna þátttöku þeirra í sameiginlegum verkfallsaðgerðum, hafi ekki verið tekið tillit til réttar hvers og eins starfsmanns eða raunverulegs vinnuframlags. Stefndi andmælir þessum fullyrðingum og vísar, ásamt ofangreindu, til þess að túlka verði frádráttarregluna með hlið sjón af 18. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og tilgangi verkfallsaðgerða sem sameiginlegrar félagslegrar aðgerðar sem allir félagsmenn Ljósmaðrafélags Íslands, þar með talið stefnendur, og stefndi sem samningsaðili, eru bundnir af.

Ljóst sé að gagnkvæmar skyldur samkvæmt ráðningarsamningi, svo sem vinnuskylda starfsmanns og skylda vinnuveitanda til greiðslu launa, falli niður í verkfalli, þótt einstökum ráðningarsamningum sé ekki slitið með verkfallsaðgerðum. Starfsmanni sé því skylt að leggja niður störf í löglega boðuðu verkfalli og vinnuveitanda sé óheimilt að taka við vinnuframlagi hans á þeim tíma. Starfsmaður geti því ekki átt rétt til launa fyrir þá daga sem verkfall standi, óháð vinnuskyldu hans á þeim dögum samkvæmt framansögðu og beri því að draga af honum hlutfallslega þau laun sem hann hefði annars fengið greidd með vísan til greinar 1.1.2 í kjarasamningi milli aðila. Vinnuveitanda sé beinlínis óheimilt að greiða honum laun í verkfalli án undanþáguheimildar. Framangreind túlkun hafi verið staðfest í dómafordæmum, bæði í Félagsdómi, sem og héraðsdómi og Hæstarétti.

Þessu til viðbótar bendir stefndi á, að árið 1994 var, að beiðni BSRB, skipuð sérstök óháð nefnd lögfróðra manna sem var falið að kanna lögmati þeirrar aðferðar sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins (fyrirrennara Kjara- og mannauðssýslu ríkisins), beitti við frádrátt af launum sjúkraliða sem lagt höfðu niður vinnu í verkfalli dagana 1. til 3. desember árið 1992. Nefndin afhenti niðurstöðu sína 19. maí 1994. Í álitu nefndarinnar segir m.a.:

Myndast hefir regla um frádrátt launa vegna verkfalls ýmissa starfshópa opinberra starfsmanna, mótuð af fjármálaráðuneytinu. Hefir þessari reglu verið beitt þrívægis áður. Launafrádrátturinn, sem sjúkraliðarnir urðu fyrir, var byggður á þessari reglu. Aðgerðin var félagsleg (kollektív) og því verða allir að sitja við sama borð um frádráttinn, einnig þeir

sem hugsanlega áttu ekki að inna vinnuskyldu af hendi þessa tvo daga, sem vinnustöðvunin stóð. Samkvæmt því sem nú hefir verið tekið fram lítur nefndin svo á, að frádrætti á laun sjúkraliðanna hafi verið hagað í samræmi við það sem eðlilegt getur talist.

Einn nefndarmanna var ósammála meirihluta nefndarinnar og taldi að uppgjör skyldi gert á grundvelli einstaklingsbundinna efnda við komandi sjúkraliða á skuldbindingum samkvæmt ráðningarsamningi.

Stefndi hafnar þeirri fullyrðingu stefnenda að frádráttur launa í verkfalli grundvallist á einhliða túlkun stefnda. Kjarasamningur sé tvíhliða samningur um kaup og kjör. Ljósmeðrafélag Íslands hafi ekki séð ástæðu til að fara fram á breytingar á þessari frádráttarreglu við kjarasamningsgerð, frá dráttarreglu sem hafi verið beitt í öllum verkfallsaðgerðum félagsins gegn ríkinu.

Stefndi mótmælir einnig þeirri fullyrðingu stefnenda að niðurstaða Félagsdóms í máli nr. 22/2015, sem Ljósmeðrafélag Íslands höfðaði fyrir hönd félagsmanns síns, taki ekki til ágreiningsefnis stefnenda, sem rangri og telur niðurstöðuna bindandi fyrir stefnendur sem félagsmenn Ljósmeðrafélags Íslands. Í fyrrgreindu Félagsdómsmáli hafi verið deilt um sömu ágreiningsatriði og liggi til grundvallar dómkröfum stefnenda í þessu máli, það er um gildi og túlkun þeirrar frádráttarreglu sem stefndi beitir við frádrátt á launum starfsmanna í verkfalli. Félagsdómur hafi sýknað íslenska ríkið af kröfum stefnenda og talið túlkun frádráttarreglunnar hvorki fela í sér brot á almennum reglum vinnuréttar, né brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar eða Mannréttindasáttmála Evrópu. Í niðurstöðu Félagsdóms, sem sé fullnaðarniðurstaða, segi m.a.:

Samkvæmt ákvæði greinar 1.1.1 er mælt fyrir um að starfsmaður fái tilgreinda heildarjánhæð í mánaðarlaun samkvæmt kjarasamningi ef hann gegnir fullu starfi. Miðast greiðsla launa því ekki við þá tilteknu daga, sem unnir hafa verið, heldur eru laun greidd fyrir mánuðinn í heild sinni, án tillits til þess hvernig vinnu innan hans er hagað. [...] Þar sem laun eru greidd fyrir hvern mánuð í heild en ekki fyrir unna daga verður að huga sérstaklega að því, hvernig reikna beri brot úr mánaðarlaunum. Um það eru fyrirmæli í grein 1.1.2 og telur stefndi að í verkfalli skuli beita þessari reglu þannig að frádráttur af launum þeirra, sem eru í verkfalli skuli reikna samkvæmt henni." [...] „Í þessu ljósi og með vísan til þess sem áður er rakið um að samkvæmt ákvæðum kjarasamnings aðila eru bæði vinnuskylda og laun félagsmanna stefnanda miðuð við mánuð, án tillits til þess hvernig vinnu hans er hagað, verður að líta svo á að félagsmenn stefnanda hafi verið í verkfalli, óháð því hvort þeir áttu vinnuskyldu umrædda daga eða ekki.

Að mati stefnda er þessi dómur Félagsdóms bindandi fyrir stefnendur sem félagsmenn Ljósmeðrafélags Íslands. Dómar Félagsdóms séu endanlegir og verði ekki áfrýjað, sbr. 67. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Dómurinn sé því endanleg niðurstaða um það ágreiningsefni, sem sé einnig til umfjöllunar í þessu máli, að stefnda hafi verið heimilt að beita þeirri reglu sem hann beitti við frádrátt launa stefnenda í verkfallinu. Stefndi áréttar sérstaklega að

dómur Félagsdóms taki fram að laun félagsmanna séu miðuð við mánuð, án tillits til þess hvernig vinnu þeirra sé hagað og því verði að líta svo á að félagsmenn hafi verið í verkfalli, óháð því hvort þeir áttu vinnuskyldu eða ekki þá daga sem verkfallið stóð. Að mati stefnda verði ekki annað séð en tekið sé á öllum þeim ágreiningsefnum sem til umfjöllunar eru í málssókn stefnenda og séu þeir því bundnir af dóminum. Félagsdómur er sérdómstóll um túlkun kjarasamninga. Hann hafi slegið því föstu að túlkun stefnda á kjarasamningi aðila um frádrátt launa í verkfalli sé rétt. Að mati stefnda sé því hæpið að almennir dómstólar endurskoði dóm Félagsdóms um þetta efni.

Stefndi mótmælir þeim fullyrðingum í stefnu að kröfum stefnenda verði fundin stoð í eignaréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Stefndi hafi hvorki brotið gegn kjarasamningi né öðrum reglum vinnuréttar. Eignaréttarlegt tilkall til launa byggist á þeim kröfurétti sem ráðningar- og kjarasamningar mæla fyrir um í hverju tilviki og á meginreglum vinnuréttar, meðal annars reglunni um að í verkfalli greiðist að meginreglu ekki laun, þótt ráðningarsamningum sé ekki slitið. Þannig geti 72. gr. stjórnarskrárinnar ekki helgað rétt sem sé ekki lögvarinn eða stofnað til að kröfurétti eða þegar meginregla vinnuréttar stendur honum í vegi.

Stefndi hafnar því jafnframt að í aðferð hans við að reikna út laun stefnenda í verkfallinu felist ólögmeitt inngríp í rétt þeirra til þess að fara í verkfall. Launafrádrátturinn sé í fullu samræmi við meginreglur vinnuréttar um hvernig fari með gagnkvæmar skyldur vinnusambands í verkfalli. Frádrátturinn sé í samræmi við langa og venjuhelgaða framkvæmd sem hafi tíðkast í verkföllum ríkisstarfsmanna. Þessi sama reikniregla hafi verið notuð í verkfalli Ljósmeðrafélags Íslands árið 2008. Þessi framkvæmd sé einnig í samræmi við jafnræðisreglu, en verkfallið taki til allra félagsmanna Ljósmeðrafélags Íslands. Að mati stefnda er það andstætt jafnræðisreglu eigi frádráttur launa að miðast eingöngu við þá félagsmenn sem ættu vinnuskyldu á verkfallsdögum, enda ljóst að vaktir geti dreifst á mismunandi hátt á félagsmenn. Þannig gætu sumir þeirra lent í því að eiga vinnuskyldu á verkfallsdögum mun oftast en aðrir og yrðu þannig fyrir mun meiri launafrádrætti en þeir sem ættu vinnuskyldu á færri verkfallsdögum, ef þeirri aðferð yrði beitt við launafrádrátt sem stefnendur byggja á. Stefndi mótmælir því að hann hafi með þessari framkvæmd gripið á ólögmeitan hátt inn í verkfallsrétt stefnenda.

Stefndi mótmælir því að sama skapi að með því að beita fyrrgreindri reiknireglu auðgíst stefndi á ólögmeitan hátt á kostnað stefnenda. Hann mótmælir því jafnframt að stefnendur hafi verið í þegnuskylduvinnu, enda hafi þær fengið greitt fyrir vinnu þá daga sem þær unnu á grundvelli undan þágureglna 19. og 20. gr. laga nr. 94/1986. Öll starfsemi Landspítalans hafi raskast verulega meðan verkfallið stóð og langan tíma tekið að vinna úr þeirri röskun sem af hlaust. Stefndi telur því óraunhæft með öllu að launafrádrátturinn hafi í heild falið í sér sparnað stefnda af verkfallinu, enda ekki hugsaður

til sparnaðar. Það heyrir hins vegar undir stefnda að gæta að meginreglum um það hverjum sé heimilt að vinna í verkfalli og að reglum um laun í verkfalli sé framfylgt á réttan hátt, svo sem dómur Félagsdóms í máli nr. 22/2015 hefur staðfest. Fullt samræmi hafi verið í framkvæmd stefnda og engum hafi verið mismunað.

#### Dómkröfur stefnenda – nánar um útreikning frádráttar

Stefndi vísar til þess að dómkröfur stefnenda byggist allar á því að endurgreiða skuli þeim frádrátt af launum sem sé kominn til vegna lögmætra verkfallsaðgerða stéttarfélags þeirra, Ljósmeðrafélags Íslands. Stefndi tekur fram að Landspítali hafi reiknað frádrátt á launum vegna verkfallsaðgerða á annan hátt en almennt tíðkast hjá ríkinu og greitt stefnendum svokallaðar forstjóraferslur. Að sögn forsvarsmanna Landspítala hafi það verið gert til þess að koma til móts við starfsmenn spítalans, sem sættu launafrádrætti vegna verkfallsins.

#### *Samanburður á útreikningi frádráttar stefnda annars vegar og stefnenda hins vegar*

Samkvæmt reiknireglu stefnda sé „verkfallsfrádráttur“, þ.e. frádráttur launa vegna verkfalls, reiknaður sem mismunur á fjölda annars vegar verkfallsdaga og hins vegar vinnudaga í meðaltalsmánuði, þ.e. 21,67 daga. Í verkfalli Ljósmeðrafélags Íslands, sem var boðað frá 7. apríl 2015, séu verkfallsdagar 12 af 21,67 dögum í meðaltalsmánuði. Þá verði verkfallsfrádráttur um 55,38% af mánaðarlaunum, bæði í apríl og maí. Í júní séu aftur á móti 6 verkfallsdagar af 21,67 sem leiði til 27,69% verkfallsfrádráttar. Á launaseðli séu mánaðarlaun og verkfallsfrádráttur talin í einingum. Af því leiðir að mánaðarlaun í 100% starfshlutfalli séu 100 einingar, en í 80% starfshlutfalli séu það 80 einingar.

Þessi tafla sýni verkfallsfrádrátt í einingum fyrir mismunandi starfshlutfall eins og stefndi hafi beitt honum.

	100%	80%	70%	60%	50%	20%
apríl	55,38	44,30	38,76	33,23	27,69	11,08
maí	55,38	44,30	38,76	33,23	27,69	11,08
júní	27,69	22,15	19,38	16,61	13,84	5,54

Stefndi mótmælir útreikningum hvers stefnenda um sig um frádrátt sem röngum. Til að sýna fram á það, setur stefndi fram tvær töflur fyrir hvern stefnenda. Í fyrri töflunni beiti hann sinni eigin reiknireglu og í þeirri seinni reiknireglu stefnenda. Miðað við aðferð stefnda, sé sami hundraðshluttinn

(prósentuhlutfall) dregið af launum þeirra sem séu í verkfalli. Sé hins vegar miðað við reiknireglu stefnenda, væri föst krónutala dregin af launum við komandi starfsmanna, óháð starfshlutfalli. Það þýddi að meira yrði dregið af þeim starfsmönnum sem eru í minna starfshlutfalli, miðað við laun.

Fyrri taflan í samanburðinum hér á eftir sýni niðurstöðu eftir reiknireglu stefnda. Frádráttur sé sama hlutfall af mánaðarlaunum hvers og eins, t.d. sé frádráttur 55,38% af mánaðarlaunum í apríl, ef engin vakt er unnin á verkfallstíma, þ.e.a.s., þá er frádráttur 55,38 einingar af 100% starfi, en 44,30 einingar af 80% starfi o.s.frv., miðað við framangreinda töflu hér að ofan. Undir dálkinum *Unnið* sé bætt við, hafi starfsmaðurinn unnið á verkfallstíma samkvæmt undanþáguákvæðum 19. og 20. gr. laga nr. 94/1986 og er bætt við sama hlutfalli og dregið var frá. Í dálkinum *Leiðrétt LSH* séu leiðréttingarfærslur, sem Landspítali gerði samkvæmt eigin reiknireglu og umfram skyldu, og hafi stefndi ekki staðfest þessa reiknireglu Landspítalans. Í dálkinum *Samtals* sé niðurstöða í samræmi við reiknireglu stefnda, áður en kom að leiðréttingu sem Landspítali gerði. Dálkurinn *Útkoma* sýni þá fjárhæð sem stefndi dró af launum stefnenda og sé sú fjárhæð, sem stefndur miða við í dómkröfum.

Seinni töflunni sé stillt upp samkvæmt reiknireglu stefnenda. Frádráttur vegna verkfallstíma sé ákvarðaður út frá tímakaupstaxta í dagvinnu 0,615% af mánaðarlaunum eða föst krónutala fyrir hvern launaflokk. Sama krónutala sé dregin frá óháð starfshlutfalli og verði sá sem er í lægra starfshlutfalli fyrir hlutfallslega hærri skerðingu. Það valdi því að starfsmaður í 50% starfshlutfalli fái frádrátt sem sé hlutfallslega tvisvar sinnum hærri en þess starfsmanns sem er í 100% starfi, þ.e.a.s. 1,23% væri dregið af 50% mánaðarlaunum, en ekki 0,615% eins og hjá 100% starfshlutfalli.

Reikniregla stefnenda gangi því ekki upp að mati stefnda og mismuni starfsmönnum verulega. Ef öll vinnuskylda starfsmanns féll til á verkfallstíma, gæti frádráttur orðið mun hærri en mánaðarlaun viðkomandi eins og sýnt sé í dæmum fyrir hvern og einn starfsmann.

Reikniregla stefnda gætir að því að allir starfsmenn sem eru í verkfalli, verði fyrir sams konar launafrádrætti, það er sama hlutfall af launum er dregið frá öllum. Slíkt leiðir, að mati stefnda, til sanngjarnastrar niðurstöðu.

#### Dómkröfur Önnu Jónínu Eðvaldsdóttur, 70% starfshlutfall

Mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 9-7 séu 539.293 kr., í 70% starfi verði launin 377.505 kr. Yfirlitið sýni frádrátt í 70% starfshlutfalli og séu mánaðarlaun 70 einingar, áður en komi að verkfallsfrádrætti. Hér sé frádráttur vegna verkfalls 38,76 einingar áður en tekið er tillit til þess sem unnið er, en unnið er á verkfallstíma 4 daga í apríl, 3 í maí og 2 í júní og einingum vegna þessa bætt við. Frádráttur eigi að vera samtals **365.802 kr.**, en ekki **320.933 kr.**, sem er útkoman, séu leiðréttingarfærslur frá Landspítala taldar með.

Einingar	Mánaðarlaun	Verkfallsfrádr.	Unnið	Samtals	Leiðrétt LSH	Útkoma
apríl	70,00	-38,76	12,92	-25,84	1,39	-24,45
maí	70,00	-38,76	9,69	-29,07	4,16	-24,91
júní	70,00	-19,38	6,46	-12,92	2,77	-10,15
		-96,90	29,07	-67,83	8,32	-59,51
<b>Krónur</b>						
apríl	377.505	-209.030	69.677	-139.353	7.496	-131.857
maí	377.505	-209.030	52.257	-156.772	22.435	-134.338
júní	377.505	-104.515	34.838	-69.677	14.938	-54.738
		-522.575	156.772	-365.802	44.869	-320.933

<b>krónur í % af mánaðarlaunum</b>						
------------------------------------	--	--	--	--	--	--

apríl	100,0%	-55,4%	18,5%	-36,9%	2,0%	-34,9%
maí	100,0%	-55,4%	13,8%	-41,5%	5,9%	-35,6%
júní	100,0%	-27,7%	9,2%	-18,5%	4,0%	-14,5%

Reikniregla stefnenda sé þannig að frádráttur miðist við vinnustundafjölda samkvæmt vaktáætlunum viðkomandi starfsmanns og þeir tímar í vaktaplaninu taldir með, sem féllu niður vegna verkfalls. Að mati stefnanda Önnu Jónínu sé réttur frádráttur samkvæmt þeirri aðferð, 8 klst. í apríl, 24 klst. í maí og 16 klst. í júní og þess krafist að dregið verði frá með tímakaupstaxta í dagvinnu 0,615% af mánaðarlaunum eða kr. 3.317 á klst.

Töflum sem á eftir fari sé stillt upp samkvæmt reiknireglu stefnenda.

Samkvæmt reiknireglu stefnenda, ef ein klukkustund er frádregin:

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
Dæmi	1	3.317	-3.317	377.505	374.188	-0,88%

Samkvæmt reiknireglu stefnenda, ef 8 tímar, 16 tímar og 24 tímar eru frádregnir:

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
apríl frádregið	8	3.317	-26.533	377.505	350.972	-7,03%
júní frádregið	16	3.317	-53.066	377.505	324.439	-14,06%
maí frádregið	24	3.317	-79.600	377.505	297.905	-21,09%



Samkvæmt upplýsingum í stefnu sé vinnuskylda stefnanda Önnu Jónínu í apríl 112 klst., í maí 125 klst. og í júní 137 klst. Reiknireglu stefnanda sé beitt í dæminu hér fyrir neðan. Lendi öll vinnuskylda viðkomandi alltaf á verkfallsdögum væri dregið frá 98,4% af launum í apríl, 109,82% af launum í maí og 120,36% í júní. Niðurstaðan yrði að frádráttur gæti verið hærri krónutala en mánaðarlaun viðkomandi starfsmanns.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
vinnusk. apríl	112	3.317	-371.465	377.505	6.040	-98,40%
vinnusk. maí	125	3.317	-414.581	377.505	-37.076	-109,82%
vinnusk. júní	137	3.317	-454.381	377.505	-76.876	-120,36%

#### Dómkröfur Bjargar Pálsdóttur, 50% starfshlutfall

Mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 10-7 séu 566.257 kr. en verði í 50% starfi 283.129 kr. Yfirlitið sýni frádrátt samkvæmt reiknireglu stefnda í 50 % starfshlutfalli, en unnin var ein vakt í maí á verkfallstíma. Frádráttur eigi að vera samtals **378.770 kr.** en ekki **362.404 kr.**, sem sé útkoman séu leiðréttingarfærslur frá Landspítala taldar með.

Einingar	Mánaðarlaun	Verkfallsfrádr.	Unnið	Samtals	Leiðrétt LSH	Útkoma
apríl	50,00	-27,68		-27,68		-27,68
maí	50,00	-27,68	2,31	-25,37	2,89	-22,48
júní	50,00	-13,84		-13,84		-13,84
		-69,2	2,31	-66,89	2,89	-64
<b>Krónur</b>						
apríl	283.129	-156.740	-	-156.740	-	-156.740
maí	283.129	-156.740	13.081	-143.660	16.365	-127.294
júní	283.129	-78.370	-	-78.370	-	-78.370
		-391.851	13.081	-378.770	16.365	-362.404

krónur í % af mánaðarlaunum						

apríl	100,0%	-55,4%		-55,4%		-55,4%
maí	100,0%	-55,4%	4,6%	-50,7%	5,8%	-45,0%
júní	100,0%	-27,7%		-27,7%		-27,7%

Reikniregla stefnanda sé þannig að frádráttur miðist við vinnustundafjölda samkvæmt vaktáætlunum viðkomandi starfsmanns og þeir tímar í vaktaplaninu taldir með, sem féllu niður vegna verkfalls.

Að mati stefnanda Bjargar sé réttur frádráttur samkvæmt þeirri aðferð, 4 klst. í apríl, 8,27 klst. í maí og 0 klst. í júní og þess krafist að dregið verði frá með tímakaupstaxta í dagvinnu 0,615% af mánaðarlaunum eða 3.482 kr. á klst. Í töflum fyrir neðan er stillt upp samkvæmt reiknireglu stefnanda.

Samkvæmt reiknireglu stefnanda, ef ein klukkustund er fráðregin:

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
Dæmi	1	3.482	-3.482	283.129	279.646	-1,23%

Samkvæmt reiknireglu stefnanda, ef 4 tímar og 8,27 tímar eru fráðregnir:

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
apríl frádr.	4	3.482	-13.930	283.129	269.199	-4,92%
maí frádr.	8,27	3.482	-28.800	283.129	254.328	-10,17%

Samkvæmt upplýsingum í stefnu sé vinnuskylda stefnanda Bjargar í apríl 93 klst., í maí 126 klst. og í júní 80,33 klst. Reiknireglu stefnanda sé beitt í dæmi hér fyrir neðan. Lendi öll vinnuskylda stefnanda alltaf á verkfallsdögum, yrði dregið frá vegna 93 klst. eða 114,39% af launum í apríl og 154,98% af launum í maí. Í maí yrði í þessu dæmi dregið frá 438.793 kr. af 283.129 kr. eða 55% umfram launin.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
vinnusk. júní	80,33	3.482	-279.748	283.129	3.381	-98,81%
vinnusk. apríl	93	3.482	-323.871	283.129	-40.742	-114,39%
vinnusk. maí	126	3.482	-438.793	283.129	-155.664	-154,98%

#### Dómkröfur Brynju Pálu Helgadóttur, 80% starfshlutfall

Mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 9-4 séu 504.870 kr., og í 80% starfshlutfalli 403.896 kr., í neðri töflu með reiknireglu stefnanda, er eins og í stefnu, miðað við 504.780 kr. en í 80% starfi verður það 403.824 kr.

Yfirlit sýni frádrátt samkvæmt reiknireglu stefnda í 80 % starfshlutfalli, en unnar voru átta vaktir í apríl og tvær í maí á verkfallstíma. Frádráttur eigi að vera samtals **372.590 kr.**, en ekki **331.241 kr.**, eins og raunin varð vegna leiðréttingar LSH.

Einingar	Mánaðarlaun	Verkfallsfrádr.	Unnið	Samtals	Leiðrétt LSH	Útkoma
apríl	80,00	-44,28	29,52	-14,76	4,27	-10,49
maí	80,00	-44,28	7,38	-36,9	3,92	-32,98

júní	80,00	-22,14	0	-22,14	0	-22,14
		-110,7	36,9	-73,8	8,19	-65,61
<b>Krónur</b>						
apríl	403.896	-223.554	149.038	-74.517	21.558	-52.959
maí	403.896	-223.554	37.259	-186.295	19.791	-166.504
júní	403.896	-111.778	-	-111.778	-	-111.778
		-558.887	186.297	-372.590	41.349	-331.241

<b>krónur í % af mánaðarlaunum</b>						
------------------------------------	--	--	--	--	--	--

apríl	100,0%	-55,3%	36,9%	-18,4%	5,3%	-13,1%
maí	100,0%	-55,3%	9,2%	-46,1%	4,9%	-41,2%
júní	100,0%	-27,7%		-27,7%		-27,7%

Reikniregla stefnenda sé þannig að frádráttur miðist við vinnustundafjölda samkvæmt vaktaáætlunum viðkomandi starfsmanns og þeir tímar í vaktaplaninu taldir með, sem féllu niður vegna verkfalls. Í töflum fyrir neðan er stillt upp samkvæmt reiknireglu stefnenda.

Samkvæmt reiknireglu stefnenda, ef ein klukkustund er fráðregin:

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
Dæmi	1	3.104	-3.104	403.824	400.720	-0,77%

Að mati stefnanda Brynju Pálu sé réttur frádráttur, 20 klukkustundir í apríl, 35,2 klst. í maí og 38,4 klst. í júní og óskað eftir því að dregin verði frá með tímakaupstaxta í dagvinnu 0,615% af mánaðarlaunum eða 3.104 kr. á klst.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
apríl frádr.	20	3.104	-62.088	403.824	341.736	-15,38%
maí frádr.	35,2	3.104	-109.275	403.824	294.549	-27,06%
júní frádr.	38,4	3.104	-119.209	403.824	284.615	-29,52%

Samkvæmt upplýsingum í stefnu hafi vinnuskylda stefnanda Brynju Pálu í apríl verið 143 klst., í maí 154 klst. og í júní 136 klst. Reiknireglu stefnenda sé beitt í dæmi hér fyrir neðan. Ef öll vinnuskylda lenti alltaf á verkfallsdögum, yrði dregið frá vegna 143 klst. eða 109,93% af launum í apríl, 118,39% af launum í maí og 104,55% í júní. Frádráttur samkvæmt þessari reiknireglu næmi hærri fjárhæð en mánaðarlaunum.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
vinnusk. júní	136	3.104	-422.198	403.824	-18.374	-104,55%
vinnusk. apríl	143	3.104	-443.929	403.824	-40.105	-109,93%
vinnusk. maí	154	3.104	-478.077	403.824	-74.253	-118,39%

Dómkröfur Kristínar Svölu Jónsdóttur, 20% starfshlutfall

Mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 8-6 séu 502.684 kr., sem verði í 20% 100.537 kr. Yfirlit hér að neðan sýni reiknireglu stefnda í 20% starfshlutfalli, en stefnandi hafi ekki unnið neinar vaktir á verkfallstíma sem komi til leiðréttingar á verkfallsfrádrætti. Frádráttur eigi að vera samtals **139.243 kr.**, en ekki **111.395 kr.**, sem sé frádráttur vegna apríl og maí, en láðst hafi að færa frádrátt vegna júní.

Einingar	Mánaðarlaun	Verkfallsfrádr.	Unnið	Samtals	Leiðrétt LSH	Útkoma
apríl	20,00	-11,08		-11,08		-11,08
maí	20,00	-11,08		-11,08		-11,08
júní	20,00	-5,54		-5,54		-5,54
		-27,7		-27,7		-27,7
<b>Krónur</b>						
apríl	100.537	-55.697		-55.697		-55.697
maí	100.537	-55.697		-55.697		-55.697
júní	100.537	-27.849		-27.849		-27.849
		-139.243		-139.243		-139.243

<b>krónur í % af mánaðarlaunum</b>						
------------------------------------	--	--	--	--	--	--

apríl	100,0%	-55,4%		-55,4%		-55,4%
maí	100,0%	-55,4%		-55,4%		-55,4%
júní	100,0%	-27,7%		-27,7%		-27,7%

Reikniregla stefnenda sé á þá leið að frádráttur miðist við vinnustundafjölda samkvæmt vaktáætlunum viðkomandi starfsmanns og þeir tímar í vaktaplaninu taldir með, sem féllu niður vegna verkfalls. Töflum fyrir neðan sé stillt upp samkvæmt reiknireglu stefnanda.

Samkvæmt reiknireglu stefnanda, ef ein klukkustund er frádrægin:

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
---------	-------	-------	--------	----------	----------	------------

Dæmi	1	3.092	-3.092	100.537	97.445	-3,08%
------	---	-------	--------	---------	--------	--------

Að mati stefnanda Kristínar Svölu eigi frádráttur að vera 12,3 klst. í apríl, 0 klst. í maí og 0 klst. í júní og sé þess krafist að dregin verði frá með tímakaupstaxta í dagvinnu 0,615% af mánaðarlaunum eða kr. 3.092 á klst.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
apríl frádr.	12,3	3.092	-38.026	100.537	62.511	-37,82%

Samkvæmt upplýsingum í stefnu sé vinnuskylda 33 klst. í apríl, 40 klst. í maí og 24 klst. í júní. Reiknireglu stefnanda er beitt í dæmi hér fyrir neðan og dæmið sýni, eins og fyrri dæmi, hvernig útkoman væri ef öll vinnuskylda lenti alltaf á verkfallsdögum. Samkvæmt reiknireglu stefnanda næmi frádráttur 74.196 kr. í júní, ef vinnuskylda og verkfallsdagar færu saman. Í apríl og maí væri frádráttur hærri en mánaðarlaun.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
vinnusk. júní	24	3.092	-74.196	100.537	26.341	-73,80%
vinnusk. apríl	33	3.092	-102.020	100.537	-1.483	-101,48%
vinnusk. maí	40	3.092	-123.660	100.537	-23.123	-123,00%

#### Dómkröfur Sigrúnar Ingvarsdóttur, 60% starfshlutfall.

Mánaðarlaun samkvæmt launaflokki 7-3 séu 447.524 kr., en verði í 60% starfi 268.514 kr. Yfirlit sýnir frádrátt samkvæmt reiknireglu stefnda í 60% starfshlutfalli, en unnar voru 1,5 vaktir í apríl, 2 vaktir í maí og 1 í júní á verkfallstíma. Landspítali færi inn alls 13,87 einingar samkvæmt launaseðlum (alls 5 vaktir) og stefndi geri ekki efnislega athugasemd við það. Frádráttur eigi að vera samtals 309.460 kr.

Einingar	Mánaðarlaun	Verkfallsfrádr.	Unnið	Samtals	Leiðrétt LSH	Útkoma
apríl	60,00	-33,2	5,548	-27,652		-27,652
maí	60,00	-33,2	5,548	-27,652		-27,652
júní	60,00	-16,62	2,774	-13,846		-13,846
		-83,02	13,87	-69,15		-69,15
<b>Krónur</b>						
apríl	268.514	-148.577	24.829	-123.748		-123.748

maí	268.514	-148.577	24.829	-123.748		-123.748
júní	268.514	-74.378	12.414	-61.964		-61.964
		-371.532	62.072	-309.460	-	-309.460

<b>krónur í % af mánaðarlaunum</b>						
------------------------------------	--	--	--	--	--	--

apríl	100,0%	-55,3%	9,2%	-46,1%		-46,1%
maí	100,0%	-55,3%	9,2%	-46,1%		-46,1%
júní	100,0%	-27,7%	4,6%	-23,1%		-23,1%

Reikniregla stefnenda sé eins og áður á þá leið að frádráttur miðist við vinnustundafjölda samkvæmt vaktáætlunum viðkomandi starfsmanns og þeir tímar í vaktaplaninu taldir með, sem féllu niður vegna verkfalls. Í töflum fyrir neðan er stillt upp samkvæmt reiknireglu stefnenda.

Samkvæmt reiknireglu stefnenda, ef ein klukkustund er fráðregin:

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
Dæmi	1	2.752	-2.752	268.514	265.762	-1,03%

Að mati stefnanda Sigrúnar sé réttur frádráttur, 20 klst. í apríl, 16 klst. í maí og 8 klst. í júní og þess krafist að dregin verði frá með tímakaupstaxta í dagvinnu 0,615% af mánaðarlaunum eða 2.752 kr. á klst.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
apríl frádr.	20	2.752	-55.045	268.514	213.469	-20,50%
maí frádr.	16	2.752	-44.036	268.514	224.478	-16,40%
júní frádr.	8	2.752	-22.018	268.514	246.496	-8,20%

Samkvæmt upplýsingum í stefnu sé vinnuskylda stefnanda Sigrúnar í apríl 96,36 klst., í maí 88 klst. og í júní 108 klst. Reiknireglu stefnenda sé beitt í dæmi hér fyrir neðan. Niðurstaða ef verkfallsdagar og vinnuskylda færu saman sé, að greiða ætti starfsmanninum 3.305 kr. í apríl og 26.314 kr. í maí, en í júní væri frádráttur hærri en mánaðarlaun.

Skýring	Tímar	Taxti	Frádr.	Mán.laun	Útborgað	Frádr. í %
vinnusk. apríl	96,36	2.752	-265.209	268.514	3.305	-98,77%
vinnusk. maí	88	2.752	-242.200	268.514	26.314	-90,20%
vinnusk. júní	108	2.752	-297.245	268.514	-28.731	-110,70%

Stefnandi Sigrún vinni í 60% starfshlutfalli og eins og sjá megi af vinnuskýrslu, eingöngu á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Sú aðferð að boða verkfall á þriðjudegi, miðvikudegi og fimmtudegi valdi því að stefnandi skilar að öðru jöfnu 2 af 3 dögum eða 67%. Sú aðferð að boða ótímabundið verkfall, en festa við ákveðna daga (stundum kallað lotuverkfall) geti einmitt haft mikil áhrif á útkomu þeirra sem eru í skertu starfshlutfalli og hafi bundið sig við ákveðna daga. Stefndi bendir á að hefði stefnandi Sigrún unnið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, hefði krafa hennar væntanlega verið sú að draga frá alla vinnuskyldu hennar vegna verkfalls, miðað við þær forsendur sem stefnandi leggi til grundvallar. Að mati stefnda er augljóst að slík aðferð gangi ekki upp, þegar um er að ræða félagslega aðgerð sem nái til allra félagsmanna Ljósmeðrafélags Íslands. Stefndi telur ljóst, að sú aðferð, sem hann hafi beitt um árábil til þess að reikna frádrátt af launum í verkfalli, sé mun sanngjarnari og meira í samræmi við jafnræði, en sú aðferð sem stefnendur vilja beita.

Stefndi áréttar í lokin að stefnendur hafi allar tekið þátt í verkfalli sem stóð frá 7. apríl til 13. júní 2015, þegar sett voru lög nr. 31/2015 sem bönnuðu verkfallið. Þær verði af þeim sökum að sæta því að dregið hafi verið af launum þeirra í samræmi við meginregluna um að laun greiðist ekki fyrir þann tíma sem vinna fellur niður vegna verkfalls. Það sé óumdeilt að stefnendur hafi fengið greidd laun vegna vinnu sinnar sem var unnin á grundvelli undanþágureglna. Verkfallið hafi verið félagsleg (kollektív) aðgerð. Af því leiði að eðlilegt sé og í samræmi við jafnræðisreglu að allir starfsmenn, sem fá greidd mánaðarlaun, fái sama frádrátt. Þátttaka í verkfallinu sé þannig ekki bundin við tímavinnu eins og stefnendur virðast byggja á. Það sé mat stefnda að rétt hafi verið staðið að frádrætti launa hjá stefnendum vegna verkfallsaðgerða Ljósmeðrafélags Íslands á Landspítala frá 7. apríl 2015 til 13. júní 2015. Lögvarinn réttur stefnda til fullra mánaðarlauna hafi ekki verið fyrir hendi vegna verkfalls enda hafi stefnda verið óheimilt að standa við ákvæði kjarasamnings um greiðslu óskertra mánaðarlauna vegna þeirra daga sem verkfallsaðgerðir félagsmanna Ljósmeðrafélags Íslands stóðu yfir, án sérstakrar undanþágu. Þetta mat sé í samræmi við niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 22/2015, sem og önnur dómfordæmi.

Með vísan til alls framangreinds beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnda og sé málatilbúnaði þeirra að öðru leyti mótmælt.

Til stuðnings kröfu um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## **Niðurstaða**

Stefnendur krefja stefnda um greiðslu launa fyrir vinnu sem þær inntu af hendi í apríl, maí og

júní 2015 en telja sig ekki hafa fengið laun fyrir. Á þeim tíma var stéttarfélag þeirra, Ljósmaðrafélag Íslands, í verkfalli sem stóð í þriggja sólarhringa lotum, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

#### Réttaráhrif dóms Félagsdóms

Stefndi telur Félagsdóm þegar hafa dæmt um ágreiningsefni þessa máls. Því liggir fyrir bindandi niðurstaða um það. Hann krefst þess þó ekki að málinu verði vísað frá dómi af þessum sökum.

Í 116. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, segir að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Stefnendur voru ekki aðilar að máli nr. 22/2015 fyrir Félagsdómi heldur stéttarfélagið Ljósmaðrafélag Íslands. Þar fyrir utan var þar ekki deilt um og ekki tekin afstaða til þeirra fjárfrafna sem þær gera í þessu máli. Að mati dómsins stendur ekkert því í vegi að þetta mál verði rekið fyrir héraðsdómi.

#### Ágreiningsefnið

Þetta mál snýst um það hvort reikna megi laun vaktavinnufólks, sem er hluta úr mánuði í verkfalli, með þeirri aðferð sem stefndi beitir.

Stefnendur byggja á því að þegar dregið sé frá mánaðarlaunum þeirra vegna verkfallsins eigi að draga frá miðað við þá tíma sem þær felldu niður störf en greiða þeim laun fyrir vinnu sem þær sinntu á þeim dögum sem voru ekki boðaðir verkfallsdagar, þ.e. hina fjóra vikudagana.

Stefndi byggir á því að draga eigi frá mánaðarlaunum þeirra þann hlutfallslega tíma sem verkfallið stóð, reiknað út frá 40 stunda, fimm daga vinnuviku í verkfalli í heild, óháð því hvenær hver leysti vinnu sína af hendi.

#### Frádráttaraðferð stefnda

Þessi tafla sýnir hlutfall verkfallstímans og frádrátt frá launum eins og stefndi reiknar hann í einingum fyrir mismunandi starfshlutfall, miðað við að fólk vinni 40 stundir, í fimm daga vinnuviku.

	100%	80%	70%	60%	50%	20%
apríl	55,38	44,30	38,76	33,23	27,69	11,08
maí	55,38	44,30	38,76	33,23	27,69	11,08
júní	27,69	22,15	19,38	16,61	13,84	5,54

Stefndi segist byggja þennan frádrátt á grein 1.1.2 í kjarasamningi stéttarfélags stefnenda og stefndu sem hljóðar svo:

Þegar unnin er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig



að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi til loka starfstíma.

Stefndi virðist ekki beita reglu 1.1.2 eftir orðanna hljóðan. Samkvæmt berum orðum reglunnar ætti hann að reikna fyrst þá fjárhæð sem starfsmaðurinn á að fá fyrir hvern virkan dag og margfalda þá fjárhæð með þeim dögum sem hann vann.

Stefndi byrjar hins vegar á því að telja verkfallsdagana og reiknar þá út sem hlutfall af meðaltalsmánuði. Í apríl var verkfall í 12 daga, sem nemur 55,38% (55,376%) af 21,67 daga meðaltalsmánuði. Með sömu aðferð var einnig verkfall 55,38% af vinnutímanum í maí en 6 daga verkfall í júní samsvarar 27,69% (27,688%) af meðaltalsmánuðinum.

Þrjú meðaltalsmánuðir eru (3 x 21,67) 65 vinnudagar. Þar af stóð verkfallið í 30 daga en vinnudagar voru 35. Með hlutfallsreikningi var verkfallið  $((55,38 + 55,38 + 27,69) / 3)$  eða  $(30/0,65)$  46,15% af vinnutímanum þessa þrjá mánuði en vinnudagarnir  $(35/0,65)$  53,85%, ef viðkomandi vann fimm virka daga og átti frí um helgar.

Launakerfi starfsmanna ríkisins byggist á jöfnum mánaðarlaunum þrátt fyrir að vinnuframlag hvers starfsmanns sé misjafnt eftir mánuðum þar eð þeir eru mislangir. Af þessum sökum hefur verið búið til hugtakið meðaltalsmánuður. Í þessum meðaltalsmánuði er gert ráð fyrir að fólk sé í frí á laugardögum og sunnudögum. Í verkfalli sem stendur í þrjár heilar vikur frá miðvikudegi til þriðjudags eru þrjár helgar, sex helgardagar. Þeir teljast ekki með verkfallsdögum enda er ekki gert ráð fyrir vinnuframlagi þá daga. Fyrir helgardagana eru ekki heldur greidd laun.

Í meðaltalsmánuðinum eru hins vegar taldir með helgidagar og lögboðnir frídagar sem lenda á virkum dögum svo sem sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur og annar í hvítasunnu, enda á að greiða starfsmönnum laun fyrir þá eins og væru þeir virkir dagar.

Stefndi reiknar laun út frá einingum. Þegar starfsmaður vinnur 100% starf eru laun hans reiknuð út frá 100 einingum. Þegar starfsmaður vinnur 70% starf eru laun hans reiknuð út frá 70 einingum. Mikilvægt er að gera hér greinarmun á einingum og hundraðshlutum (prósentum) en slíkum reikningi beitir stefndi strangt tiltekið ekki við útreikning launanna. Tölurnar í töflunni fyrir frádrátt launa í verkfalli þeirra sem vinna fullt starf (100%) geta hvort heldur verið hundraðshluti eða einingar. Þegar fullu starfi sleppir eru tölurnar í töflu stefnda ekki prósentutölur heldur einingar. Það þýðir að þegar 38,76 einingar eru dregnar frá launum þess sem vinnur 70% starf eru í raun dregin frá honum laun fyrir 55,38% vinnuskyldu hans miðað við þær forsendur að hann vinni daglega fimm tíma og 36 mínútur fimm daga í viku og eigi frí um helgar.

Þessi nálgun kann að vera hagkvæm í einhverjum tilvikum og ganga upp þegar reiknuð eru laun í verkfalli þeirra sem vinna með því vinnufyrirkomulagi. Þegar reiknuð eru laun í verkfalli þeirra sem vinna samkvæmt öðru vinnufyrirkomulagi verður að beita öðrum útreikningsaðferðum.

Eins og áður segir eru vinnudagar í meðaltalsmánuðinum samkvæmt grein 1.1.2 í kjarasamningnum 21,67 og hver vinnudagur 8 stundir. Samkvæmt þessum forsendum er gert ráð fyrir að hver starfsmaður, sem vinnur 100% vinnu, vinni ( $12 \times 21,67$ ) 260,04 daga á ári ef hann vinnur átta tíma á dag og að mánaðarleg vinnuskylda hver starfsmanns nemi ( $8 \times 21,67$ ) 173,36 vinnustundum.

Þegar unnið er út frá einingum, verður hver dagur í þessum meðaltalsmánuði ( $100/21,67$ ) 4,6147 einingar. Hver átta stunda vinnudagur ætti því að vera 4,6147% af vinnuskyldunni og fyrir hann á að greiða 4,6147% af mánaðarlauninum.

Út frá þessu viðmiði reiknar stefndi að dagur starfsmanns sem vinnur 70% starf sé ( $0,7 \times 4,6\%$ ) 3,23 einingar. Þegar deilt er með 21,67 í 70 ( $70/21,67$ ) fæst sama niðurstaða.

Séu greiddar 433.400 kr. í mánaðarlaun fyrir 100% starf fær starfsmaður í 70% starfi 303.380 kr. í mánaðarlaun. Laun hans eru reiknuð út frá 70 einingum. Hver eining samsvarar því ( $303.380 \text{ kr.}/70$ ) 4.334 kr. Sama fjárhæð fæst með því að deila 100 í 433.400 kr. sem eru, eins og áður segir, mánaðarlaunin fyrir 100% starf í dæminu.

Hver eining samsvarar ( $8/4,6147$ ) 1,7336 vinnustundum sem er  $1/100$  af vinnustundafjölda í meðaltalsmánuði sem er, eins og áður segir, 173,36 stundir.

Hver eining í kerfi stefnda í þessu dæmi samsvarar því 4.334 krónum og 1,7336 vinnustundum. Endurgjaldið fyrir vinnustundina ætti því að vera ( $4.334 \text{ kr.}/1,7336$ ) 2.500 kr. Sama tímagjald fæst þegar vinnustundafjölda í meðaltalsmánuði er deilt í mánaðarlaun fyrir fulla vinnu ( $433.400 \text{ kr.}/173,36$ ) 2.500 kr.

Þegar unnar stundir og laun fyrir þær eru reiknuð í hundraðshlutum (prósentum) af vinnutíma eða af launum á ekki að skipta máli hvort hlutfall af 100 er reiknað út frá því hversu margar stundir starfsmaðurinn innti af hendi í þeim mánuði sem verkfallið stóð eða hvort hundraðshlutinn er reiknaður út frá því hversu margar stundir hann felldi niður störf. Niðurstaðan, hlutfallið, hundraðshlutinn, á í báðum tilvikum að vera sú sama, séu forsendurnar fyrir útreikningnum þær sömu.

Sýni útreikningur að starfsmaðurinn hafi unnið 68% þeirra stunda sem hann átti að vinna þann mánuð á útreikningur með frádráttaraðferðinni að gefa þá niðurstöðu að hann hafi fellt niður störf 32% þess tíma sem hann átti samkvæmt ráðningarsamningi að inna af hendi fyrir vinnuveitandann.

Ekkert er því til fyrirstöðu að reikna starfstíma og laun vaktavinnufólks út sem hlutfall af 100 hvort sem það vinnur 100% starf eða lægra starfshlutfall.

### Reglu greinar 1.1.2 beitt samkvæmt orðanna hljóðan við útreikning launa í verkfalli

Dómurinn telur ekkert vafamál að samkvæmt grein 1.1.2 eigi að telja þá daga sem starfsmaðurinn, sem af einhverjum ástæðum vann einungis hluta úr mánuði, innti vinnu sína af hendi en ekki þá sem hann vann ekki. Séu allar forsendur eins ætti þó ekki að skipta máli hvort taldir eru fyrst þeir sem hann vann eða þeir sem hann vann ekki.

Sá sem vann 8 stunda vinnudag hjá LSH í apríl 2015 og tók þátt í verkfallinu vann 1., 2., 3., 6., 10., 13., 17., 20., 24. og 27. apríl, 10 virka daga en var í verkfalli 12 daga.

Séu mánaðarlaun hans 433.400 kr. og 21,67 deilt í þau samsvarar vinnudagurinn 20.000 kr. Fyrir apríl fær hann því greiddar (10 d. x 20.000 kr.) 200.000 kr. en fer á mis við 233.400 af mánaðarlaunum sínum.

Sá sem vann 8 stunda vinnudag hjá LSH í maí 2015 og tók þátt í verkfallinu vann 1., 4., 8., 11., 15., 18., 22., 25., og 29. maí, alls 9 daga en var í verkfalli 12 daga. Hann fær því greiddar (9 d. x 20.000 kr.) 180.000 kr. en fer á mis við 253.400 kr. af mánaðarlaunum sínum.

Sá sem vann 8 stunda vinnudag hjá LSH í júní 2015 og tók þátt í verkfallinu vann 1., 5., 8., 12., 15.-19., 22.-26. og 29. og 30., alls 16 virka daga en var í verkfalli í 6 daga. Hann fær því greiddar (16 d. x 20.000 kr.) 320.000 kr. en fer á mis við 113.400 kr. af mánaðarlaunum sínum.

Samandregið hefur því sá sem vann hjá LSH 8 stunda vinnudag í apríl, maí og júní 2015 átt að fá (3 x 433.400) 1.300.200 kr. samanlagt fyrir þá mánuði. Hann vann 35 virka daga en var í verkfalli 30 virka daga. Hann fékk því greiddar (35 x 20.000) 700.000 kr. en fór á mis við 600.200 sem þýðir að heildarlaun fyrir þá daga hefðu verið 20.007 kr. Þessar aukalegu 7 kr. á dag jafnast út í dagvinnulaun í öðrum mánuðum ársins.

Því verður ekki annað séð en að regla 1.1.2 í kjarasamningnum samrýmist vel þeirri meginreglu að sérhver eigi að fá greitt fyrir allt vinnuframlag sitt.

Dóminum sýnist reglan einnig gefa þá niðurstöðu að sérhver fái greitt fyrir allt vinnuframlag sitt þótt fólk vinni í hlutastarfi, svo framarlega sem það hlutastarf er unnið frá mánudegi til föstudags, t.d. 50% vinna milli kl. 8.00 og 12.00 eða 75% vinna milli kl. 8.00 og 14.00. Vinnudagar þess fólks eru eftir sem áður 21,67 í meðaltalsmánuði.

Sá sem vinnur í 75% starfshlutfalli, það er sex tíma, fimm daga vikunnar, fær þá (0,75 x 20.000 kr.) 15.000 kr. á dag en sá sem vinnur í 50% starfshlutfalli, það er fjóra tíma, fimm daga vikunnar fær 10.000 kr. á dag.

Sem sagt: reglan í grein 1.1.2 í kjarasamningnum samrýmist þeirri meginreglu að sérhver fái greitt fyrir allt vinnuframlag sitt, ef hann vinnur á virkum dögum og tekur frí um helgar, hvort sem hann vinnur allan daginn eða hluta úr degi.

Ekki verður annað séð en taflan sem stefndi lagði til grundvallar frádrætti launa í þessu verkfalli samrýmist því að sá sem vann á virkum dögum og átti frí um helgar hafi fengið greidd laun fyrir allt vinnuframlag sitt hvort sem hann vann allan daginn eða hluta úr degi.

#### Meðaltalsmánuður þeirra sem vinna ekki alla virka daga

Þegar vinna fólks fellur ekki inn í kerfið fimm dagar í vinnu, tveir dagar í frí verður reglunni í grein 1.1.2 ekki beitt samkvæmt orðanna hljóðan til þess að finna út hvað eigi að greiða fyrir hluta úr mánuði. Í það minnsta er ekki lengur hægt að miða við 21,67 daga í meðaltalsmánuðinum. Því efnislega inntaki hennar að greiða skuli fyrir allar unnar stundir þarf þó áfram að beita.

Tökum dæmi af manni sem vinnur 80% starf, 32 klst. á viku, og fær að vinna það þannig að hann vinnur 8 tíma fjóra daga vikunnar, mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga en kemur ekki til vinnu á miðvikudögum.

Miðvikudagurinn fellur þá í flokk með laugardögum og sunnudögum enda fær starfsmaðurinn ekki greitt fyrir þann dag. Því gengur ekki að deila meðaltalsmánuði, 21,67, í launin hans því sá meðaltalsmánuður er miðaður við 260,04 virka daga sem gera rétt ríflega fimm (5,0008) virka daga í 52 vikur. Okkar maður vinnur 4 virka daga í 52 vikur og vinnur því aðeins 208 daga á ári. Í meðaltalsmánuðinum hans væru því (208/12) 17,33 vinnudagar sem eru 8 stunda langir.

Mánaðarlaunin í starfi hans eru eins og áður 433.400 kr. Hann er í 80% vinnu og á því að fá greiddar (80% af 433.400) 346.720 kr. mánaðarlega. Meðaltalsmánuður hans er eins og áður segir 17,33 vinnudagar. Vinna hans í átta tíma á dag samsvarar því (346.720 kr. /17,33 d.) 20.003 kr. á dag. Ólíkt þeim sem vinnur 100% starf eru þrír launalausir dagar í vikunni hans, laugardagur, sunnudagur og miðvikudagur.

Í apríl vann hann 2., 3., 6., 10., 13., 17., 20., 24. og 27., alls 9 daga. Hann var í verkfalli 7., 9., 14., 16., 21., 23., 28. og 30., alls 8 daga. Hann náði ekki að vinna fullan meðaltalsmánuð vinnuskyldu sinnar enda er sá 17 dagar og einum þriðja betur (17,33). Miðað við vinnuskyldu hans í apríl, 17 daga, vann hann 52,94% vinnuskyldu sinnar en felldi niður störf í 47,06% tímans. Miðað við þau fyrirmæli greinar 1.1.2 að telja eigi unna daga þegar reiknað er brot af mánaðarlaunum hefði hann átt að fá greiddar (9 x 20.000) 180.000 kr. en fer á mis við (346.720 – 180.000) 166.720 kr.

Í maí vann hann 1., 4., 8., 11., 15., 18., 22., 25., og 29. maí, alls 9 daga. Hann var í verkfalli 5., 7., 12., 14., 19., 21., 26. og 28., alls 8 daga. Eins og í apríl náði hann ekki að vinna fullan

meðaltalsmánuð vinnuskyldu sinnar. Hann vann 52,94% vinnuskyldu en felldi niður störf í 47,06% tímans. Eins og í apríl hefði hann átt að fá greiddar 180.000 kr. en farið á mis við 166.720 kr.

Í júní vann hann 1., 5., 8., 12., 15., 16., 18., 19., 22., 23., 25., 26. og 29. og 30., alls 14 virka daga. Hann var í verkfalli 2., 4., 9. og 11., alls 4 daga. Vinnuskylda hans í þeim mánuði var því 18 dagar. Hann vann því (14/0,18) 77,78% vinnuskyldunnar en felldi niður störf (4/0,18) 22,22%. Hann fær því greiddar (14 x 20.000) 280.000 kr. en fer á mis við (346.720-280.000) 66.720 kr.

Samandregið hefur sá, sem vann 80% vinnu hjá LSH, í apríl, maí og júní og uppfyllti vikulega vinnuskyldu sína með fjórum 8 stunda vinnudögum, sem féllu á mánudag, þriðjudag, fimmtudag og föstudag, átt að inna af hendi (3 x 17,33) 52 vinnudaga og fá greitt (3 x 346.720) 1.040.160 kr. samanlagt fyrir þá mánuði.

Hann vann 32 daga (61,54%) en var í verkfalli í 20 daga (38,46%). Verkfallsstundirnar voru því alls (8 x 20) 160.

Launin fyrir þessa þrjá mánuði ættu því að vera (0,615% x 1.040.160 kr.) 639.698 kr. eigi hann að fá greitt fyrir hverja unna stund.

Þessi hlutfallsaðferð við útreikning launa samræmist mjög því að nota aðferð greinar 1.1.2 aðlagða að vinnufyrirkomulagi starfsmannsins þannig að meðaltalsmánuður í því vinnufyrirkomulagi er fundinn. Með þeirri aðferð hefði viðkomandi átt að fá alls greiddar (180.000 + 180.000 + 280.000) 640.000 kr. fyrir mánuðina þrjá, sem gefur 300 kr. meira en hlutfallsaðferðin.

Samkvæmt aðferð stefnda við útreikning launa í verkfalli var það fólk, sem vann 80% vinnu, í verkfalli 44,30 einingar af vinnutímanum í apríl og maí en 22,15 einingar í júní, alls (44,30 + 44,30 + 22,15) 110,75 einingar. Hver eining samsvarar 1,7336 vinnustundum og því nemur frádrátturinn (110,75 x 1,7336) 192 vinnustundum, eða 32 stundum fleiri en reiknast til þegar lagður er til grundvallar meðaltalsmánuður starfsmannsins eða prósentureikningur.

Hver eining samsvarar eins og áður 4.334 kr. og því nemur launafrádrátturinn alls (110,75 x 4.334 kr.) 479.990 kr. Mánaðarlaunin samtals fyrir mánuðina þrjá verða því samkvæmt einingaaðferð stefnda (1.040.160 – 479.990) 560.170 kr. eða um 80.000 kr. lægri en sé dagatalningaraðferð greinar 1.1.2 eða hlutfallsaðferð (prósenta) notuð.

Við útreikning launa í verkfalli tekur stefndi ekki tillit til þess hvort fólk sem vinnur 80% starf vinnur 6 tíma og 24 mínútur á dag í 5 daga og tekur frí um helgar eða vinnur 8 tíma í 4 daga og á 3 helgardaga. Hann notar aðferð sem er hugsuð fyrir þá sem vinna fimm virka daga en taka frí um helgar. Af þeim sökum fá þeir sem vinna 80% starf fimm daga vikunnar og taka frí um helgar greitt fyrir hverja unna stund sem þeir inna af hendi þá mánuði sem verkfall stendur. Hins vegar fá þeir sem vinna

80% starf með öðru fyrirkomulagi, t.d. með því að vinna 8 tíma 4 daga vikunnar, ekki greitt fyrir allt vinnuframlag sitt.

Tökum enn dæmi af manni sem vinnur 40% starf,  $(0,4 \times 40)$  16 tíma á viku og fær að vinna það þannig að hann vinnur tvo daga vikunnar, mánudaga og föstudaga en kemur ekki til vinnu á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Þeir þrjú dagar falla þá í flokk með laugardögum og sunnudögum því starfsmaðurinn fær ekki greitt fyrir þá. Frídagur hans eru því fimm. Miðað við að forsendan sé 260,04 virkir dagar á ári vinnur hann því  $(0,4 \times 260,04 = 104,016)$  rétt rúmlega 104 daga á ári sem samsvara 8,668 dögum á mánuði.

Í apríl 2015 vann hann fjóra mánudaga og fjóra föstudaga, alls átta daga en felldi aldrei niður störf því hann átti ekki vinnuskyldu á boðuðum verkfallsdögum. Í maí vann hann fjóra mánudaga en fimm föstudaga, alls níu daga en felldi aldrei niður störf. Í júní vann hann fimm mánudaga og fjóra föstudaga, alls níu daga en felldi aldrei niður störf. Þessa þrjú mánuði vann hann því 26 daga sem er sú vinnuskylda sem á honum hvíldi  $(3 \times 8,668 = 26,004)$  og átti því rétt á að fá greiddar  $(0,4 \times 433.400 \text{ kr.})$  173.360 kr. á mánuði eða  $(3 \times 173.360 \text{ kr.})$  520.080 kr. fyrir alla mánuðina þrjú.

Samkvæmt aðferð stefnda var hann í verkfalli  $(0,4 \times 55,38)$  22,15 einingar af vinnutíma sínum í apríl og maí, en  $(0,4 \times 27,69)$  11,076 einingar í júní. Því dregur stefndi af launum hans  $(22,15 + 22,15 + 11,07)$  55,37 einingar samtals þrátt fyrir að starfsmanninn hafi aldrei vantað í vinnu á þeim dögum sem hann var ráðinn til að inna sína vinnu af hendi. Þessar 55,37 einingar samsvara  $(55,37 \times 4.334 \text{ kr.})$  239.973 kr. Greidd laun samkvæmt aðferð stefnda fyrir alla mánuðina þrjú nema því  $(520.080 - 239.974)$  280.106 kr.

Samstarfsmaður þessa manns vinnur 40% starf, 16 tíma á viku og fær að vinna það þannig að hann vinnur á miðvikudögum og fimmtudögum. Eins og samstarfsmaður hans, sem vinnur á mánudögum og föstudögum, er vinnuskylda hans á mánuði 8,668 dagar. Dagvinnulaun hans nema  $(173.36/8,668)$  20.000 kr.

Í apríl 2015 vann hann 1. og 2. apríl. Í maí vann hann ekkert en í júní vann hann 17. og 18. og 24. og 25. Þessa þrjú mánuði nam vinnuskylda hans fyrir vinnuveitandann 26 dögum. Þar af vann hann einungis sex en kom ekki til vinnu 20 daga vegna verkfalls. Hann vann því  $(6/0,26)$  23,08% af vinnuskyldu sinni en felldi niður störf  $(20/0,26)$  76,92% þess tíma sem vinnuveitandinn átti ella rétt til vinnuframlags hans.

Samkvæmt aðferð stefnda var hann í verkfalli 22,15 einingar af vinnutíma sínum í apríl og maí en 11,07 einingar í júní, alls 55,37 einingar. Því greiðir stefndi honum fyrir alla mánuðina þrjú 280.106 kr. þrátt fyrir að hann hafi í reynd einungis átt að fá  $(2 \times 20.000 \text{ kr.})$  40.000 kr. greiddar í apríl, ekkert í maí og  $(4 \times 20.000 \text{ kr.})$  80.000 kr. í júní, eða alls 120.000 kr. fyrir alla mánuðina þrjú.

Í þessum tveimur síðastgreindu tilvikum leiðir aðferð stefnda til þess að annar fær ekki greitt fyrir vinnu sem hann innti af hendi í þágu vinnuveitanda síns en hinn fær laun þótt hann hafi ekki innt sína vinnuskyldu af hendi vegna verkfalls.

Eins og áður segir stafar þessi niðurstaða stefnda af því að hann gengur í öllum tilvikum út frá meðaltalsmánuði greinar 1.1.2, 21,67 dögum, þótt það sé ekki meðaltalsmánuður þeirra sem vinna samkvæmt öðru vinnufyrirkomulagi, eins og t.d. því sem er lýst í dæmunum. Þetta grundvallarviðmið stefnda veldur því einnig að meðaldagur starfsmanns sem er í 40% starfi er ætíð  $(0,8 \times 4,6147)$  1,8459 einingar eða  $(1,8459 \times 1,7336)$  3,2 vinnustundir sem samsvara 3 tímum og 12 mínútum, þótt starfsmaðurinn vinni í reynd 8 tíma á dag í 8,66 daga í meðaltalsmánuði.

Áréttá má að sá sem vinnur í þrjú tíma og 12 mínútur daglega, fimm daga vikunnar og á frí um helgar, fær allt sitt vinnuframlag greitt ólíkt þeim sem vann alla mánudaga og alla föstudaga en lagði aldrei niður störf. Sá sem vinnur 40% starf fimm daga í viku fær ekki heldur ofgreitt, ólíkt þeim sem vann einungis sex daga á þremur mánuðum.

#### Störf stefnenda og útreikningur stefnda á launum þeirra í verkfalli

Viðveruskýrslur stefnenda sýna að sumar þeirra vinna nánast ætíð 8 tíma vaktir en aðrar vinna mjög sveiflukennt, allt frá 4 tíma til ríflega 12 tíma langra vakta. Það auðveldar ekki heldur starf þess sem reiknar út laun stefnenda að sumar hafa unnið talsvert umfram vinnuskyldu sína á því tímabili sem er hér til skoðunar, svo sem Björg Pálsdóttir. Aðrar hafa unnið allnokkru minna en nemur vinnuskyldu þeirra. Hugsanlega unnu þær umfram vinnuskyldu í janúar, febrúar og mars. Í það minnsta verður að gera ráð fyrir að þessar sveiflur í vinnuframlagi jafnist út á lengra tímabili þannig að þegar árið er gert upp hafi allar innt alla vinnuskyldu sína af hendi.

Vegna eðlis starfs stefnenda voru þær flestar kallaðar til, til að vinna nokkra af verkfallsdögum, í samræmi við heimild í 20. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar segir að þótt verkfall sé hafið sé heimilt að kalla starfsmenn, í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.

Þegar stefndi reiknaði laun stefnenda í verkfallinu dró hann fyrst af þeim laun í samræmi við einingarnar í töflunni. Hann bætti síðan við einingum fyrir þá daga sem viðkomandi starfsmaður vann í verkfallinu vegna undanþágu. Stefndi bætti einnig við greiðslum sem stefnendur fengu frá vinnuveitanda sínum, Landspítala – Háskólasjúkrahúsi, og eru kallaðar forstjórafærslur. Þær voru greiddar til þess að koma til móts við starfsmenn spítalans, sem sættu launafrádrætti vegna verkfallsins.

Í þessu máli er tekist á um aðferð stefnda við að reikna út laun vaktavinnumanna í verkfalli. Að mati dómsins kemur því ekki til greina að taka með í þann reikning þessar forstjórafærslur enda eru

þær ekki hluti af því sem stefndi telur stefnendur eiga að fá greitt á verkfallstíma. Stefndi áréttar í greinargerð sinni að frádráttur frá launum stefnenda eigi að vera sú fjárhæð sem hann reiknar út en ekki sú sem fæst þegar forstjórageiðslunum er bætt við, en með þeim lækkar frádrátturinn.

Framar er lýst því kerfi stefnda að reikna laun út frá einingum. Þegar starfsmaður vinnur 100% starf eru laun hans reiknuð út frá 100 einingum. Þegar starfsmaður vinnur 70% starf eru laun hans reiknuð út frá 70 einingum.

Hver dagur í 21,67 daga meðaltalsmánuði verður  $(100/21,67)$  4,6147 einingar. Út frá þessu viðmiði reiknar stefndi að dagur starfsmanns sem vinnur 70% starf sé  $(0,7 \times 4,6)$  3,23 einingar. Þegar deilt er með 21,67 í 70 fæst sama niðurstaða.

Séu greiddar 539.293 kr. í mánaðarlaun fyrir 100% starf fær starfsmaður í 70% starfi 377.505 kr. í mánaðarlaun. Hver eining samsvarar því  $(377.505 \text{ kr.}/70)$  5.393 kr. Sama fjárhæð fæst með því að deila 100 í 539.293 kr. sem eru, eins og áður segir, mánaðarlaunin fyrir 100% starf í dæminu.

Hver eining samsvarar  $(8/4,6147)$  1,7336 vinnustundum sem er 1/100 af vinnustundafjölda í meðaltalsmánuði sem er, eins og áður segir, 173,36 stundir.

#### Raunhæft dæmi af einum stefnanda

Starfsmaður sem er í 70% starfi og vinnur alla daga vikunnar á, samkvæmt forsendum greinar 1.1.2, að vinna  $(0,7 \times 8 \text{ tímar})$  5,8 tíma á dag fimm daga vikunnar en vinnur ekki um helgar. Hann fær greitt fyrir vinnu sína fimm daga vikunnar en ekki fyrir helgarfríð. Segja má að þá daga sé hann í „vaktافرí“.

Starfsmaður sem er í 70% starfi í vaktavinnu en vinnur að jafnaði 8 tíma á dag á samkvæmt forsendum greinar 1.1.2  $(0,7 \times 21,67)$  að vinna 15,169 daga í meðaltalsmánuði. Samkvæmt ráðningarsamningi um vaktavinnu á hann þó að vinna hvaða vikudag sem vera kann, þar á meðal laugar- og sunnudaga. Hinir dagar mánaðarins eru allir helgardagar í vinnudagatali hans hvaða vikudagar sem það kunna að vera því vinnuveitandinn gerir ekki ráð fyrir vinnuframlagi starfsmannsins þá daga.

Í ráðningarsamningi er starfshlutfallið ákveðið en í vaktaplani hvaða tíma sólarhrings á hvaða vikudegi á að inna vinnuna af hendi. Það er vinnuveitandinn sem ræður vaktaplaninu, í sumum tilvikum, reyndar, að höfðu samráði við starfsmanninn. Engu að síður ræður vinnuveitandinn því hvaða daga vikunnar starfsmaðurinn innir vinnuskylduna af hendi og hvaða dagar vikunnar eru helgardagar hans. Þetta er skipulagt með allnokkrum fyrirvara.



Þegar verkföllum er háttáð eins og því sem er tilefni þessa máls ræðst það af þeim vöktum sem vinnuveitandinn hefur stillt upp hvort verkfallsdagarnir eru jafnframt helgardagar, frídagar, hjá einhverjum starfsmönnum hans.

Hann getur því ekki talið þá með verkfallsdögum, ekki frekar en hann gæti talið laugar- og sunnudaga með verkfallsdögum hjá starfsmanni sem innir sína skyldu af hendi frá mánudegi til föstudags.

Stefnandi, Anna Jónína, vinnur í 70% starfshlutfalli. Séu vaktir hennar 8 tíma langar ber henni því að vinna af 260,04 virkum dögum á ári ( $0,7 \times 260,04$ ) 182,028 daga sem verða ( $182,028/12$ ) 15,169 dagar í meðaltalsmánuði hennar. Það samsvarar 121,35 vinnustundum á mánuði.

Á því tímabili sem er hér til skoðunar nam vinnuskylda hennar þó 112 stundum í apríl, 125 stundum í maí og 123 stundum í júní ( $(112 + 125 + 123)/3$ ) eða 120 tímum að meðaltali á mánuði sem er einum tíma og 20 mínútum minna en í meðaltalsmánuði hennar. Þær vinnustundir sem vantaði upp á vinnustundafjölda meðaltalsmánaðar jafnast væntanlega út í fleiri vinnustundum aðra mánuði ársins. Vinnustundirnar röðuðust þannig á vikudagana að hún var eina vakt í verkfalli í apríl, þrjár í maí og tvær í júní, alls ( $8 + 24 + 16$ ) 48 tíma.

Þar eð mánaðarlaunin miðast við það vinnutímaframlag stefnanda sem vinnuveitandi hennar átti rétt til að meðaltali, og þar eð gera verður ráð fyrir að þeir tímar sem upp á vanti verði unnir í öðrum mánuðum ársins, telur dómurinn rétt að reikna verkfall hennar út frá þeim vinnutíma, 121,35 tímum, en ekki þeim vinnutíma sem svo vildi til, vegna vaktaplansins, að hún innti af hendi á þessu tímabili. Þegar einungis fjöldi þeirra vinnutíma sem vinnuveitandinn á mánaðarlega tilkall til af hendi starfsmannsins er lagður til grundvallar útreikningi skiptir ekki máli hver var meðaltalsmánuður hvers og eins starfsmanns né heldur hversu langa vakt hann vann í hvert sinn.

Með hlutfallsútreikningi námu verkfallsstundir stefnanda í apríl ( $8/1,2135$ ) 6,59% af vinnuskyldu hennar en vinnustundir 93,41%.

Með aðferð stefnda var hún í verkfalli í 38,76 einingar af vinnutíma sínum. Þar eð stefnandi vann fjóra verkfallsdaga vegna undanþágu lækkar stefndi verkfallsfrádráttinn um 3,23 einingar fyrir hvern dag ( $4 \times 3,23$ ) 12,92 einingar og fær út að hún hafi verið í verkfalli 25,84 einingar af vinnutíma sínum. Það samsvarar ( $25,84 \times 1,7336$ ) 44,8 vinnustundum og ( $2584/70$ ) 36,91% af launum stefnanda.

Með hlutfallsútreikningi lagði stefnandi niður störf ( $24/1,2135$ ) 19,77% þess tíma í maí sem vinnuveitandinn átti rétt til vinnuframlags hennar og vinnustundirnar námu því 80,23%.

Með aðferð stefnda var hún í verkfalli 38,76 einingar af vinnutíma sínum. Þar eð hún vann þá í þrjá daga á undanþágu lækkar hann frádráttinn um ( $3 \times 3,23$ ) 9,69 einingar og fær út að stefnandi hafi

verið í verkfalli 29,07 einingar af vinnutíma sínum. Það samsvarar ( $29,07 \times 1,7336$ ) 50,4 vinnustundum og ( $2907/70$ ) 41,53% af launum stefnanda.

Með hlutfallsútreikningi nam verkfall stefnanda í júní ( $16/1,2135$ ) 13,18% af vinnuskyldu hennar en unnar stundir 86,82%.

Með aðferð stefnda nam verkfall stefnanda í júní 19,38 einingum af vinnutíma hennar. Í júní vann hún tvo daga á undanþágu og því lækkar hann frádráttinn um ( $2 \times 3,23$ ) 6,46 einingar og fær út að hún hafi verið 12,92 einingar í verkfalli. Það samsvarar ( $12,92 \times 1,7336$ ) 22,4 vinnustundum og ( $1292/70$ ) 18,46% af launum stefnanda.

Samkvæmt aðferð stefnda nam verkfall stefnanda ( $25,84 + 29,07 + 12,92$ ) 67,83 einingum. Það samsvarar ( $67,83 \times 1,7336$ ) 117,6 vinnustundum og ( $67,83 \times 5.393$  kr.) 365.807 kr.

Hana vantaði til vinnu 48 stundir af þeim ( $3 \times 121,35$ ) 364,05 vinnustundum sem henni bar að vinna þessa þrjá mánuði samanlagt. Verkfall stefnanda nam því 13,81% af þeim tíma sem vinnuveitandi hennar átti tilkall til yfir allt tímabilið, en 48 stundir samsvara 27,68 einingum. Með aðferð stefnda á þó einungis að reikna henni laun eins og hún hefði verið í verkfalli í 117,6 vinnustundir og draga af launum hennar samtals 67,83 einingar.

Segja má að með þessari aðferð geri stefndi ráð fyrir því að umsaminn vinnutími stefnanda mánaðarlega sé ( $117,6-48$ ) 69,6 tímum lengri en stefndi á í reynd tilkall til. Það samsvarar nánast 9 vinnudögum.

Þetta er sambærilegt því að stefnandi teldi helgardagana með þegar hann reiknar frádrátt frá launum þeirra sem vinna virka daga og eiga frí um helgar. Það er hreint ekki samkvæmt fyrirmælum greinar 1.1.2. Samkvæmt fyrirmælum hennar á að telja þá daga, þær stundir sem eru unnar en undanskilja helgardagana (launalaus dagana) og þá daga, þær stundir sem eru ekki unnar en eru hluti af vinnuskyldunni.

Reikna má laun stefnanda, Önnu Jónínu, út í anda greinar 1.1.2 í kjarasamningnum þannig að verðmæti vinnuframlags hennar sé fundið.

Í apríl vann hún 93,41% af vinnuskyldunni fyrir þann mánuð. Hún var ráðin í 70% starf og því voru mánað arlaun hennar að jafnaði ( $0,7 \times 539.293$ ) 377.505 kr. Miðað við það hlutfall af vinnuskyldunni sem hún innti af hendi í apríl hefði hún átt að fá greiddar ( $93,41 \times 377.505$  kr.) 352.627 kr.

Í maí vann stefnandi 80,23% af vinnuskyldunni fyrir þann mánuð. Miðað við það hlutfall hefði hún átt að fá greiddar fyrir maí ( $0,8023 \times 377.505$  kr.) 302.872 kr.

Í júní vann stefnandi 86,82% af vinnuskyldunni og hefði samkvæmt því átt að fá greiddar ( $0,8682 \times 377.505$ ) 327.750 kr.

### Frádráttaraðferð stefnenda

Málsaðilar beita báðir frádráttarnálgun þegar þeir reikna út hvaða laun eigi að greiða starfsmanni sem er í verkfalli hluta úr mánuði. Frádráttaraðferð stefnda sem byggir á einingum hefur verið lýst. Fram er komið að þegar starfsmaður innir vinnuskyldu sína ekki af hendi fimm daga í viku og á frí um helgar leiðir aðferð stefnda til þess að starfsmaðurinn fær ekki greitt fyrir alla þá vinnu sem hann hefur innt af hendi því meira er dregið af launum hans en nemur þeim stundum sem hann vann ekki en vinnuveitandi hans átti tilkall til, hefði stéttarfélag stefnenda ekki boðað verkfall.

Á sama hátt hefur stefndi bent á að þegar aðferð stefnenda er beitt og dregið frá launum þeirra með því að margfalda þá tíma sem þær felldu niður störf vegna verkfalls með tímakaupi geti frádrátturinn numið hærri fjárhæð en mánaðarlaunin sé vaktaplanið þannig að allar vaktir starfsmannsins raðist á verkfallsdaga.

Samkvæmt grein 1.1.2 í kjarasamningnum er meðalmánuðurinn 21,67 dagar og hver vinnudagur 8 stundir. Samkvæmt þessum forsendum er gert ráð fyrir að hver starfsmaður sem vinnur 100% vinnu vinni 260,04 daga á ári og að mánaðarleg vinnuskylda hvers starfsmanns nemi 173,36 vinnustundum.

Grein 1.4.1 í kjarasamningnum fjallar um útreikning tímakaups. Þar segir að tímavinnukaup í dagvinnu sé 0,615% af mánaðarlaunum starfsmanna skv. grein 1.2.1 og 1.2.2. Þegar reiknað er út tímakaup í grein 1.4.1 er gengið út frá 162,6016 vinnustundum í mánuði ( $0,615 \times 162,6016 = 100$ ). Grein 1.4.1 gefur því herra tímakaup en sé það reiknað með forsendum greinar 1.1.2, þ.e. út frá 173,36 vinnustundum. Væru þær notaðar ætti að annaðhvort margfalda mánaðarlaunin með ( $100 / 173,36$ ) 0,5768 til þess að fá tímakaupið eða einfaldlega deila vinnustundum heils mánaðar í laun heils mánaðar.

Þar eð stefnendur draga frá launum sínum vegna verkfalls samkvæmt reiknireglu í grein 1.4.1 draga þær hlutfallslega herra tímakaup frá en samsvarar því tímakaupi sem þær fá greitt.

Aftur má taka dæmi af stefnandanum Önnu Jónínu. Þegar hún reiknar dómkröfu sína styðst hún við grein 1.4.1 og fær út tímakaupið ( $0,615 \times 539.293$ ) 3.317 kr. Önnur aðferðin sem áður var nefnd ( $0,5768 \times 539.293$ ) gefur tímakaupið 3.110,6 kr. en hin ( $539.293/173,36$ ) gefur tímakaupið 3.110,8. Hér verður því miðað við 3.110,7 kr.

Samkvæmt aðferð stefnenda og réttu tímakaupi hefði átt að draga frá Önnu Jónínu ( $8 \times 3.110,7$ ) 24.885 í apríl, ( $24 \times 3.110,7$ ) 74.657 kr. í maí og ( $16 \times 3.110,7$ ) 49.771 kr. í júní, alls 149.313 kr. Hún telur hins vegar að frádrátturinn hefði átt að vera alls ( $48 \times 3.317$ ) 159.199 kr., nánast 10.000 kr. hærri en hann ætti með réttu að vera.

Þar eð stefnendur leggja hærra endurgjald fyrir vinnustundina til grundvallar útreikningi frádráttarins samræmist hann því ekki heldur fyllilega þeirri meginreglu að sérhver eigi að fá greitt fyrir alla þá vinnu sem hann innir af hendi.

Í gagnrýni sinni á útreikning stefnenda leggur stefndi til grundvallar allar stundir sem stefnendur unnu á því tímabili sem boðað verkfall stóð án þess að líta til þess að vinnuframlag þeirra er sveiflukennt frá mánuði til mánaðar og suma mánuðina unnu nokkrar þeirra langt umfram þann vinnustundafjölda sem þeim bar að inna af hendi að jafnaði. Af þeim sökum fær hann þá útkomu að væri frádráttaraðferð stefnenda beitt yrði dregið meira af þeim en næmi mánaðarlaunum þeirra, ef svo vildi til að allar vaktir lentu á verkfallsdögum. Sú niðurstaða stefnda stenst þó ekki því ekki má við frádrátt frá launum leggja til grundvallar fleiri stundir en þær sem lagðar eru til grundvallar mánaðarlaunum, það er þann fjölda stunda sem vinnuveitandinn á rétt til að starfsmaðurinn inni af hendi að meðaltali.

#### Dreifibréf nr. 6/2001

Stefndi mótmælir því ekki að stefnendur hafi innt af hendi vinnu í apríl, maí og júní 2015 sem þær hafi ekki fengið greitt fyrir. Rök hans verða þó ekki skilin á annan hátt en þann að það réttlætist af grein 1.1.2 í kjarasamningi stéttarfélags þeirra við stefnda því á þeirri grein byggist frádráttaraðferð hans. Stefndi kallar grein 1.1.2 reyndar frádráttarreglu.

Dómurinn getur ekki fallist á skilning stefnda á efni greinar 1.1.2. Reglan er ekki frádráttarregla. Hún fjallar ekki um það hvernig eigi að draga af launum starfsmanns sem vinnur brot úr mánuði. Þvert á móti segir hún að reikna eigi út hversu háa fjárhæð beri að greiða starfsmanninum fyrir hvern dag, daglaun hans. Þá fjárhæð á að margfalda með þeim dögum sem hann vann og greiða honum samkvæmt því.

Allur launakafli kjarasamningsins snýst um það hvernig á að greiða fyrir unnar stundir en ekki um það hvernig á að draga frá fyrir þær sem ekki eru unnar, en vinnuveitandinn á samkvæmt ráðningarsamningi tilkall til.

Það er efnislegt inntak greinar 1.1.2 að útreikningur launa tryggi að sérhver starfsmaður fái greitt fyrir allt vinnuframlag sitt. Hefði stefndi beitt grein 1.1.2 samkvæmt efnislegu inntaki hennar hefði útreikningur hans ekki gefið honum þá útkomu að honum væri ekki skylt að greiða stefnendum fyrir allt vinnuframlag þeirra á því tímabili sem verkfallið stóð.

Frádráttaraðferð stefnda við að reikna út laun í verkfalli virðist byggja á dreifibréfi starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins nr. 6/2001. Þar er stuðst við orðalag greinar 1.1.2 þó þannig að þar segir:

Meginreglan er sú að laun falla niður í verkfalli.

Í þeim mánuði sem verkfall hefst eða því lýkur, reiknast fastar launa- og kostnaðargreiðslur fyrir þann tíma sem unninn er þannig, að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma, sbr. gr. 1.1.2 eða 1.1.3 í kjarasamningum ríkisstarfsmanna. *Þessi regla er óháð því hvort viðkomandi starfsmaður eigi vinnuskyldu eða ekki, það dregst jafnt af launum allra starfsmanna félagsins. ...*

Dómurinn fellst á það með stefnendum að þetta dreifibréf sé ekki réttarheimild. Hins vegar er fyllilega mögulegt að beita frádráttarnálgun við útreikning á launum vaktavinnufólks í verkfalli sé það gert á réttum forsendum eins og áður segir.

#### Félagsleg (kollektív) aðgerð

Helsta röksemd stefnda fyrir þeirri frádráttaraðferð sem hann beitir er að verkfall sé félagsleg (kollektív) aðgerð stéttarfélagsins. Því verði að líta svo á að allir félagsmenn hafi lagt niður vinnu hlutfallslega jafnlengi burtséð frá því hvort vinnuskylda þeirra raðaðist á þá verkfallsdaga sem voru boðaðir eða ekki. Þetta hlutfall beri að draga frá mánaðarlaunum þeirra.

Það er alveg rétt að aðgerðin er félagsleg því henni er ætlað að ná því félagslega markmiði að hækka laun félagsmanna. Hún er einnig félagsleg vegna þess að meirihluti félagsmanna getur þvingað þá, sem eru hugsanlega ekki hlyntir verkfalli, til að taka þátt í því.

Verkfall raskar hins vegar ekki ráðningarsambandinu milli einstakra launamanna og vinnuveitenda þeirra. Verkfall getur því ekki haft þau áhrif á réttarsamband launamanns og vinnuveitanda að vinnuveitandinn þurfi ekki að greiða laun fyrir alla þá vinnu sem launamaðurinn innir af hendi á dögum sem eru ekki verkfallsdagar. Með því að koma til vinnu og sinna vinnu þá daga sem hefur ekki verið boðað verkfall hlýðir starfsmaðurinn löglegum fyrirmælum vinnuveitanda síns enda á starfsmaðurinn hættu á að verða rekinn úr starfi sinni hann ekki þeirri vinnu sem hann er ráðinn til án lögmætra forfalla.

#### Hvenær er maður í verkfalli og hvenær er maður ekki í verkfalli?

Það er ekkert vafamál að verkfallið tók til allra félagsmanna Ljósmeðrafélagsins og tók til allra stefnenda.

Það er hins vegar ekki verkfall ef starfsmaður kemur ekki til vinnu sinnar af þeirri ástæðu að hann átti yfirhöfuð ekki að vera í vinnu þann dag þótt sá dagur sé einn af þeim sem boðað var að verkfall yrði. Á vinnudagatali hans samsvarar þessi dagur helgardegi hjá þeim sem vinna á virkum dögum og eiga frí um helgar.

Aðrir vaktavinnumenn kunna að hafa átt að vera í vinnu þennan dag og það er þá verkfall hjá þeim ef þeir inna vinnu sína ekki af hendi þá.

Vegna aðferðar sinnar telur stefndi hins vegar til verkfallsdaga stefnenda daga sem þeim bar yfirhöfuð ekki að inna neina vinnuskyldu af hendi fyrir hann.

Að mati dómsins geta til verkfalls einvörðungu talist þær vinnustundir sem starfsmaðurinn vann ekki en launagreiðandinn átti ella tilkall til. Eins og sýnt hefur verið fram á er vitaskuld hægt að reikna þessar vinnustundir sem tiltekið hlutfall tímabils, svo sem meðaltalsmánaðar eða sem hlutfall af mánaðarlegri vinnuskyldu. Hins vegar verður ekki reiknað út hvaða hlutfall það er í meðaltalsmánuði eins starfsmanns og það hlutfall síðan notað til frádráttar launum í meðaltalsmánuði annars, séu þeir með altalsmánuðir ekki jafnlangir eða lendi frí dagarnir (launalaus dagarnir) í sumum tilvikum á laugardegi og sunnudegi og í öðrum tilvikum á boðuðum verkfallsdögum. Eigi eitt yfir alla að ganga verða forsendurnar að vera þær sömu.

Því gengur ekki heldur að stefndi telji unninn dag þess starfsmanns sem sinnir 70% starfi með því að vinna 8 tíma 15,169 daga í meðaltalsmánuði, jafngilda 3,23 einingum eða  $(3,23 \times 1,7336)$  5,60 tímum, þ.e. 5 tímum og 36 mínútum. Þegar stefndi greiðir stefnanda, Önnu Jónínu, fyrir 8 tíma vaktir sem eru unnar á grundvelli undanþágu 20. gr. laga nr. 94/1986 greiðir hann fjárhæð sem samsvarar launum fyrir 5 tíma og 36 mínútur en telur rétt að starfsmaðurinn vinni 2 tíma og 24 mínútur endurgjaldslaust. Þessum launa útreikningi er beitt þótt vinna starfsmannsins þessar 8 stundir grundvallist á lögboðinni undanþágu frá verkfalli.

#### Jafn frádráttur óháður vinnuskyldu

Eins og margoft er komið fram reiknar stefndi laun í verkfalli þannig að hann dregur frá öllum sama hlutfall vinnustunda burtséð frá vinnufyrirkomulagi starfsmanna, svo sem hvort þeir áttu að inna vinnu sína af hendi á verkfallsdegi eða ekki. Þetta getur valdið þeirri mismunun sem áður var rakin að sumir fá greitt fyrir stundir sem þeir unnu ekki en aðrir fá ekki að fullu greitt fyrir þá vinnu sem þeir inntu af hendi.

Stefndi byggir á því að þessi aðferð við að draga frá launum vegna verkfalls grundvallist á jafnræðisreglunni. Í greinargerð sinni virðist hann fyrst og fremst vísa til þess að hann telji sanngjarnast og réttlátast að jafna launagreiðslur innbyrðis milli vaktavinnufólks í verkfalli, vegna þess að lotuverkfall geti bitnað misjafnt á þeim.

Hann virðist mestmegnis líta framhjá þeim ójöfnuði, sem reikniregla hans veldur og er grundvöllur þessa máls, að staða þeirra sem fá ekki greitt fyrir allt vinnuframlag sitt í verkfalli,

vaktavinnufólks, er ekki jöfn stöðu þeirra sem fá greitt fyrir sérhverja stund sem þeir vinna á verkfallstímabilinu, þ.e. þeirra sem vinna hefðbundna vinnuviku en eiga frí um helgar.

Fyrir þessum ójöfnuði hefur hann strangt til tekið ekki fær önnur rök en þau að verkfall sé félagsleg (kollektív) aðgerð og að dreifibréf nr. 6/2001 mæli fyrir um jafnan frádrátt af öllum.

Fyrir vinnu sem hefur verið innt af hendi ber vinnuveitandanum að greiða starfsmanninum laun. Þetta er grundvallarregla vinnuréttar og helsta skylda vinnuveitandans í réttarsambandi hans og starfsmannsins, ráðningarsambandinu. Henni verður ekki haggð, jafnvel ekki með verkfalli. Með því að greiða ekki fyrir vinnu sem hefur verið innt af hendi brýtur vinnuveitandinn gegn þessari frumskyldu sinni gagnvart starfsmanninum.

Eins og áður segir telur dómurinn dreifibréf nr. 6/2001 ekki réttarheimild. Setningin í dreifibréfinu „þessi regla er óháð því hvort viðkomandi starfsmaður eigi vinnuskyldu eða ekki, það dregst jafnt af launum allra starfsmanna félagsins“ kann að eiga sér stoð í réttarheimild þótt sú hafi ekki verið lögð fram. Engu að síður er það mat dómsins að þessi setning geti ekki átt við annað starfsfólk en það sem á rétt á launuðu veikindaleyfi eða launuðu orlofi á boðuðum verkfallstíma. Vitaskuld verður jafnframt að skilja hana þannig að það dragist *hlutfallslega* jafnt af öllum.

Stefnandinn Brynja Pála, sem vinnur í 80% starfshlutfalli, var í orlofi frá 25. maí til 26. júní. Á þeim tíma gildi því ekkert vaktaplan fyrir vinnuframlag hennar. Þess í stað er vinnuskylda hennar skráð í viðverukerfinu 6 tímar og 24 mínútur sérhvern virkan dag þessar fimm vikur. Það samsvarar 80% af 8 tíma dagvinnu, 6,40 vinnustundum.

Hún er jafnframt skráð í verkfalli mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga síðustu viku í maí og fyrstu tvær vikur í júní, en þá lauk verkfallinu. Þannig voru dregin af henni laun í hlutfalli við verkfallið þótt henni bæri ekki að inna neina vinnu af hendi.

Þessi færsla í viðverukerfið sýnir hvenær og hvernig á að beita þeim fyrir mælum að jafnt eigi að draga frá launum starfsmanna hvort sem þeir eiga vinnuskyldu eða ekki, þ.e.a.s. á þeim tímabilum þegar þeir taka laun en eiga ekki að koma á vaktir.

Að mati dómsins er ekki mögulegt að túlka tilvitnaða setningu í dreifibréfinu eins og stefndi gerir. Sú túlkun, að draga eigi af fólki laun fyrir vinnu sem það hefur innt af hendi, verður í það minnsta ekki dregin af grein 1.1.2 í kjarasamningnum en það er sú réttarheimild sem stefndi segist byggja á. Efnislegt inntak hennar er ótvírætt það að sérhver fái allt vinnuframlag sitt að fullu greitt.

Stefnendur fá vaktaskipulag sitt með fyrirvara og þær vissu, þegar þær kusu þessa útgáfu af lotuverkfalli, að vaktir sumra félagsmanna myndu lenda oftár á verkfallsdögum en vaktir annarra. Í slíkum tilvikum er það ekki hlutverk vinnuveitandans að draga af launum þeirra sem áttu vaktir utan verkfallsdaganna til þess að laun þeirra verði jafnari launum hinna, sem áttu vaktir á verkfallsdögum

en gátu ekki unnið þær vegna verkfallsins. Vilji stéttarfélagið, Ljósmeðrafélagið, bæta þeim félagsmönnum sínum sem áttu oftari vakt á verkfallsdögum en aðrir, getur það bætt þeim það með greiðslum úr verkfallssjóði.

Vinnuveitandi sem segist byggja útreikning launa á jafnræðisreglunni hlýtur jafnframt að beita henni þannig að allir starfsmenn hans fái greitt fyrir allt vinnuframlag sitt en ekki einvörðungu þeir sem vinna fimm daga vikunnar en eiga frí um helgar. Honum ber að rækja þá grundvallarskyldu sína, að greiða fyrir unnin störf, við alla starfsmenn sína jafnt. Sú skylda hvílir jafnt á honum í verkfalli sem á öðrum tímum.

Stefndi getur því ekki vísað til jafnræðisreglu til stuðnings því að draga meira af launum sums vaktavinnufólks en samsvarar þeim stundum sem það felldi niður störf til þess að verkfallið bitni ekki ójafnt á vaktavinnufólki í verkfalli.

Hann getur ekki heldur réttlætt með jafnræðisreglunni þá mismunun að það fólk sem vinnur fimm virka daga og á frí um helgar fái allt vinnuframlag sitt í verkfalli greitt en vaktavinnufólk beri á sama tíma skarðan hlut frá borði.

### Samandregið

Það er því niðurstaða dómsins að regla 1.1.2 í kjarasamningi stéttarfélags stefnenda og stefnda samræmist vel þeirri meginreglu vinnuréttar að sérhver starfsmaður eigi að fá greitt fyrir allt vinnuframlag sitt sé berum orðum hennar fylgt og taldir þeir dagar sem starfsmaðurinn sem um ræðir vinnur 21,67 daga í meðaltalsmánuði.

Þegar fyrirkomulag vinnu starfsmannsins er annað en regla 1.1.2 gengur út frá er ekki hægt að beita henni samkvæmt berum orðum sínum. Hins vegar verður að beita þeirri efnisreglu sem í henni býr, að greiða skuli sérhverjum starfsmanni fyrir allar unnar stundir.

Þótt starfsmaður vinni ýmist 12, 9, 8, 6, 5, 4 tíma vaktir á þó sérhver vaktavinnumaður, sem vinnur í tilteknu starfshlutfalli, að inna sama tímafjölda af hendi í hverjum meðaltalsmánuði rétt eins og sá sem vinnur tiltekið hlutfall af virkum degi. Á þessari einföldu grundvallarforsendu má byggja útreikning á því hversu hátt hlutfall vinnuskyldu sinnar starfsmaðurinn innti af hendi á verkfallstímanum og reikna honum laun í samræmi við það.

Við útreikning launa í verkfalli tekur stefndi hins vegar forsendur sem eiga einvörðungu við um þá sem vinna á virkum dögum og beitir þeim einnig þegar hann dregur frá launum þeirra sem vinna vaktavinnu þótt þær forsendur eigi ekki endilega við um þá. Hann horfir t.d. fram hjá því hvort vinnuskylda þeirra sé á verkfallsdegi eða ekki. Í hefðbundinni vinnuviku er vinnuskyldan ætíð á



verkfallsdegi. Vaktavinnufólk getur hins vegar átt frí á boðuðum verkfallsdegi. Það fólk er þá ekki í verkfalli á þeim degi, ekki frekar en „vinnuvikufólk“ er í verkfalli um helgar.

Stefnendur fengu ekki greitt fyrir alla þá vinnu sem þær inntu af hendi í apríl, maí og júní 2015. Engu að síður telur stefndi sig hafa beitt réttri aðferð við að reikna út laun þeirra og styður þá skoðun sína nokkrum réttarheimildum.

Dómurinn telur honum þó ekkert hald í þeim. Í fyrsta lagi samrýmist það ekki efnislegu inntaki greinar 1.1.2 að starfsmaður fái ekki greitt fyrir alla þá vinnu sem hann hefur innt af hendi.

Dómurinn fellst einnig á að dreifibréf stefnda nr. 6/2001 sé ekki réttarheimild. Þótt þau fyrirmæli að draga eigi af öllum jafnt, hvort sem þeir eiga vinnuskyldu eða ekki, ættu stoð í réttarheimild verða þau ekki skilin á annan hátt en þann að þau taki einvörðungu til þess starfsfólks sem á rétt á launum þótt það eigi ekki að koma á vaktir, svo sem fólks sem á rétt á launuðu veikindaleyfi eða launuðu orlofi á boðuðum verkfallstíma.

Í þriðja lagi fær það fólk, sem innir vinnu sína af hendi samkvæmt forsendum greinar 1.1.2, alla virka daga vikunnar og á frí um helgar, greidd laun fyrir alla þá vinnu sem það innir af hendi hvort sem það er í verkfalli eða ekki og burtséð frá því hvert starfshlutfall þess er. Þó er verkfall þess fólks félagsleg (kollektív) aðgerð.

Þegar vaktavinnufólk er í verkfalli verður því ekki vikið frá þeirri meginreglu vinnuréttar að það fái greitt fyrir alla þá vinnu sem það hefur innt af hendi með þeim rökum að verkfallið sé félagsleg (kollektív) aðgerð.

Fólk sem vinnur virka daga en á frí um helgar þarf ekki að sæta því að stefndi beiti, þegar hann reiknar út laun þeirra í verkfalli, jafnræðisreglu á þann hátt að sumir fái ekki greitt fyrir vinnu sem þeir inntu af hendi en hugsanlega fái aðrir greitt fyrir stundir sem þeir unnu ekki. Það fær laun fyrir unnar stundir, hvorki of né van.

Frávik frá þeirri meginreglu að sérhver fái greitt fyrir allt vinnuframlag sitt verður því í tilviki vaktavinnufólks ekki heldur réttlætt með tilvísun til jafnræðisreglu.

Eins og fyrir fólkið sem vinnur virka daga og á frí um helgar verður að reikna verkfallið, þann tíma sem vaktavinnufólk leggur niður störf, og laun fyrir unna vinnu út þannig að tillit sé tekið til þess vinnufyrirkomulags sem það starfar eftir. Störfin hafa verið unninn, vinnutímarnir inntir af hendi og fyrir það á að greiða laun.

Það er óumdeilt að stefndi greiddi stefnendum ekki full laun fyrir vinnu þeirra í apríl, maí og júní 2015. Þegar þær reikna út þá fjárhæð, sem þær telja vangoldna, telja þær með forstjórageiðslurnar, sem þeim voru greiddar án samþykkis stefnda. Vegna þess tímakaups, sem þær styðjast við þegar þær

finna út fjárhæðina sem upp á vantar, verður launakrafa þeirra heldur lægri en þær ættu rétt á ef þær reiknuðu tímagjald sitt út frá réttum forsendum.

Þær fjárhæðir sem stefnendur krefjast eru lægri en þær eiga með réttu tilkall til. Því verður fallist á dómkröfur þeirra eins og þær eru settar fram.

Þar eð fallist hefur verið á fjárkröfur stefnenda verður, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að dæma stefnda til þess að greiða þeim málskostnað. Samkvæmt 2. mgr. 132. gr. laganna ber að dæma hverri fyrir sig málskostnað úr hendi hans. Þegar litið er til umfangs málsins þykir málflutningsþóknun hvers stefnanda um sig, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hæfilega ákveðin 250.000 krónur.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

### **D Ó M S O R Ð**

Stefndi, íslenska ríkið, greiði Önnu Jónínu Eðvaldsdóttur, 161.734 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 130.239 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 207.412 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og af 161.734 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði Björgu Pálsdóttur, 319.679 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 142.810 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 270.754 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og af 319.679 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði Brynju Pálu Helgadóttur, 40.643 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 105.549 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 108.046 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og af 40.643 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði Kristínu Svölu Jónsdóttur 73.369 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 17.672 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015 og af 73.369 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði Sigrúnu Ingvarsdóttur 188.369 kr. ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 93.533 kr. frá 1. júní 2015 til 1. júlí 2015, af 160.890 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og af 188.369 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði hverjum stefnanda um sig 250.000 kr. í málskostnað.